

September 2022



Ársskýrsla ríkisfyrirtækja 2021



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ársskýrsla ríkisfyrirtækja 2021

September 2022

fjr@fjr.is

fjarmalaraduneyti.is

Umþrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2022 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Efnisyfirlit

Formáli 4

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. 31

Lykiltölur 5

Landsbankinn hf. 32

Markvert á árinu 10

Landskerfi bókasafna hf. 33

Eignarhald ríkisins 11

Landsvirkjun 34

Grundvöllur eignarhalds ríkisins 11

Leigufélagið Bríet ehf. 35

Skipulag eigandahlutverksins 14

Matís ohf. 36

Stjórnir og stjórnarlaun 15

Minjavernd hf. 37

Eigandastefna 17

Neyðarlínan ohf. 38

Markmið með eignarhaldi ríkisins 17

Nýr Landspítali ohf. 39

Meginreglur eigandastefnu 17

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 40

Árangur og afkoma 18

Orkubú Vestfjarða ohf. 41

Yfirlit yfir ríkisfyrirtæki 20

RARIK ohf. 42

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 21

Ríkisútvarpið ohf. 43

Betri samgöngur ohf. 22

Sparisjóður Austurlands hf. 44

Endurvinnslan hf. 23

Tæknisetur 45

Farice 24

Vaðlaheiðargöng hf. 46

Happdrætti Háskóla Íslands 25

Vigdísarholt ehf. 47

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. 26

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. 48

Isavia ohf. 27

Önnur fyrirtæki í ríkiseigu 49

Íslandsbanki hf. 28

Formúlublað 52

Íslandspóstur ohf. 29

Íslenskar orkurannsóknir 30

Formáli

Íslenska ríkið á alfarið eða ráðandi eignarhluti í 40 félögum með mismunandi starfsemi og markmið. Þá á ríkið minni hluta í ýmsum félögum. Ríkisfélögin eru að langmestu leyti hlutafélög, opinber hlutafélög og einkahlutafélög, en einnig stofnanir eða sjóðir með ákveðið þjónustuhlutverk. Við umfjöllun um ríkisfélögin eru hér notuð orðin félög og fyrirtæki óháð því hvaða form er á rekstri þessara aðila. Fyrirtækin eru mörg stór og áhrifamikil á íslenskum markaði og gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Orkufyrirtæki í eigu ríkisins eru t.d. miðlæg í raforkuframleiðslu og dreifingu í landinu og veita almenningi og atvinnulífinu grunnþjónustu, í samkeppni við einkafyrirtæki. Þá sinnir Ríkisútvarpið ohf. menningar- og almannaþjónustuhlutverki á sama tíma og það keppir við einkafyrirtæki á afþreyingarmarkaði sem er í mikilli þróun. Íslandspóstur hf. sinnir alþjónustuhlutverki á póstmarkaði, en er einnig í samkeppnisrekstri á sviði flutningaþjónustu og hraðsendingaþjónustu. Vegna

þessa samspils almannaþjónustuhlutverks og samkeppnishlutverks félaga í eigu ríkisins er mikilvægt að vel sé haldið utan um eignarhald þeirra.

Fjármála- og efnahagsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félögum og sér um fyrirsvar þeirra nema lög mæli fyrir um annað. Hann setur einnig almenna eigandastefnu fyrir öll félög í eigu ríkisins í samræmi við 44. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Eitt af lykilverkefnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins við meðferð eignarhaldsins er að hafa eftirlit með því að eigandastefnunni sé fylgt eftir. Eigandahlutverk ríkisins byggir á viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja¹ og þá sérstaklega leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu², auk almennra viðmiða um hlutverk og skyldur eiganda. Áhersla er lögð á reglubundin samskipti og upplýsingagjöf milli eiganda og félaga í eigu ríkisins um rekstur og stefnumörkun þeirra.




¹ Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins.

² OECD Guidelines on Corporate Governance of State-Owned Enterprises.


Lykiltölur

Í skýrslu þessari er greint frá og birtar upplýsingar um ríkisfyrirtæki sem eru flokkuð skv. hagskýrslustaðli og fjárlögum í A3-, B- og C-hluta ríkissjóðs. Í greiningum og framsetningu lykilsamtalna í ársskýrslu þessari er Seðlabanki Íslands undanskilinn, þar sem áhrif gengisbreytinga á gjaldeyriseignir hans hafa veruleg áhrif á afkomu og eigið fé og þar af leiðandi á afkomu og efnahag ríkissjóðs, og myndi því gera samanburð á þróun helstu lykilhlutfalla í rekstri ríkisfyrirtækja milli ára ómarkvissan. Árið 2021 námu heildareignir ríkisfyrirtækja um 4.074 ma.kr. og eigið fé samtals um 951 ma.kr. Eignarhlutur ríkissjóðs í félögum nam um 887 ma.kr. og voru heildarstöðugildi í öllum ríkisfyrirtækjum á árinu 5.014.

Eignarhluti ríkisins miðað við eigið fé eftir flokkun fyrirtækja
ISK ma.kr.



Þróun eignarhluta miðað við eigið fé í fyrirtækjum seinustu fimm ár
ISK ma.kr.



40

Fjöldi fyrirtækja
(37)



8,0%

Arðsemi eigin fjár
(2,2%)



5.014

Fjöldi starfsmanna*
(5.138)



51,1%

Eiginfjárlutfall **
(48,7%)



15,0 ma.kr.

Arðgreiðslur til
ríkissjóðs (11,0 ma.kr.)



304 ma.kr.

Tekjur samtals
(242 ma.kr.)



39,8 ma.kr.

Fjárfestingar
(33,3 ma.kr.)



167 ma.kr.

Gjöld samtals
(164 ma.kr.)

* Fjöldi starfsmanna er mælt í stöðugildum


** Eiginfjárlutfall er reiknað án Íslandsbanka, Landsbankans og Sparisjóðs Austurlands

() Tölur innan sviga sýna tölur fyrir 2020


Fyrirtækjum í ríkiseigu er hér skipt í sex flokka: fjármálfyrirtæki sem eru stærsti hluti eignasafnsins; orkufyrirtæki sem eru næststærst á þeim mælikvarða; innviðafyrirtækin sem eru næstumfangsmest hvað stöðugildi varðar; þjónustufyrirtæki sem einnig eru umfangsmikil á þeim mælikvarða, auk flokka sem innihalda eignaumsýslu og önnur fyrirtæki eru með umfangsminni starfsemi og rekstur.

Landsbankinn hf. er stærsta fyrirtæki ríkisins hvað eignir varðar (1.730 ma.kr.), en fjölmennasti vinnustaðurinn var Isavia með 1.022 stöðugildi sem er yfir 20% af heildarstöðugildum ríkisfyrirtækja. Fjármálfyrirtæki í eigu ríkisins mynda stærsta hluta hreinna eigna eða 52% af heildar eigin fé ríkisfélaga (493 ma.kr.). Fyrirtæki í orkugeiranum mynda næststærsta hluta eigin fjár fyrirtækja í eigu ríkisins eða tæplega 39% (372 ma.kr.) en Landsvirkjun er þar langstærst með 309 ma.kr. eigið fé.


Fjöldi stöðugilda eftir flokkum



Fjöldi stöðugilda eftir fyrirtækjum




Yfir 5.000 ársstörf eru hjá ríkisfyrirtækjum. Samanlagt eru 44% starfsfólks fyrirtækjanna konur en einungis er 37% hlutfall í hópi lykilstjórnenda konur. Lægst er þá hlutfall kvenna hjá forstjórum fyrirtækjanna en hlutfall þeirra er 34% og hefur lítið breyst milli ára.




Síðan 2019 hefur ráðuneytið birt upplýsingar um stjórnir í ríkisfyrirtækjum á vef stjórnarráðsins. Þar er greint frá þróun kynjahlutfalls innan stjórnna félagana ásamt samandregnu vegnu meðaltals kynjahlutfalli stjórnanna og stjórnarformanna eftir árum, aftur til 2016, sjá nánar í kaflanum Stjórnir og stjórnarlaun á bls. 15.


Hagnaður 2021 ISK ma.kr.



Meðaltal hagnaðar yfir seinustu 5 ár ISK ma.kr.




Arðsemi eigin fjár



● Arðsemi eigin fjár ● Meðaltal yfir seinustu 5 ár

Arðgreiðslur til ríkissjóðs ISK m.kr.



● Arðgreiðsla til ríkissjóðs ● Meðaltal yfir seinustu 5 ár

Í yfirlýsingu fjármálaeftirlitsnefndar í apríl 2020 um áherslur í fjármálaeftirliti á tímum kórónuveirufaraldurs voru fjármálfyrirtæki hvött til að greiða ekki arð á árinu 2020, í samræmi við tilmæli Evrópska bankaeftirlitsins (EBA). Þessar aðgerðir draga því verulega úr meðaltals arðgreiðslum til ríkissjóðs á síðastliðnum fimm árum. Á árinu 2021 greiddu bankarnir 7,9 ma.kr. í arðgreiðslur til ríkisins en orkufyrirtækin greiddu ríkinu 6,7 ma.kr.

Upphæðir í m.kr.

Yfirlit yfir fyrirtæki í eigu ríkisins

Fyrirtæki	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Arðgreiðslur til ríkisins	Stöðugildi
Eignaumsýsla	26.585	14,2%	1.374	1.252		42
Fjármálfyrirtæki	3.171.961	10,7%	115.337	52.712	7.878	1.621
Innviðafyrirtæki	167.124	-4,6%	30.209	-2.613		1.321
Orkufyrirtæki	676.445	5,7%	90.921	21.316	6.663	606
Þjónustufyrirtæki	27.002	21,9%	64.054	3.868	500	1.331
Önnur fyrirtæki	4.232	-11,2%	1.591	-278		78

Eignaumsýsla						
Fyrirtæki	Eignarhluti ríkisins	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Stöðugildi
Eignarhlutir ehf.	100,0%	61	19,9%		5	
Hvanneyrbúið ehf.	100,0%	83	11,3%	110	7	3
Leigufélagið Bríet ehf.	100,0%	7.674	13,4%	390	381	6
Lindarhvoll ehf.	100,0%	31	0,0%	8		
Minjavernd hf.	38,3%	790	-53,6%	88	-85	8
Nýr Landspítali ohf.	100,0%	4.253	0,0%			24
Sítus ehf.	54,0%	38	12,5%	13	5	
Tæknigarður ehf.	100,0%	118	3,7%	30	4	
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	94,6%	13.354	17,4%	718	940	2
Vísindagarðurinn ehf.	53,9%	183	-3,1%	17	-5	

Fjármálfyrirtæki							
Fyrirtæki	Eignarhluti ríkisins	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Arðgreiðslur til ríkisins	Stöðugildi
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	48,1%	542	0,2%	12	1		
Íslandsbanki hf.	75,0%	1.428.821	11,6%	52.620	23.725	3.400	794
Landsbankinn hf.	98,2%	1.729.798	10,2%	62.188	28.919	4.478	816
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	100,0%	4.964	0,9%	221	43		4
Sparisjóður Austurlands hf.	49,5%	7.837	2,6%	296	25		7

Innviðafyrirtæki						
Fyrirtæki	Eignarhluti ríkisins	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Stöðugildi
Betri samgöngur ohf.	75,0%	4.575	0,0%			3
Farice ehf.	100,0%	13.895	-0,9%	1.992	-76	7
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	54,0%	33.561	-1,5%	1.567	-162	35
Isavia ohf.	100,0%	88.107	-4,2%	18.987	-1.535	1.022
Ríkisútvarpið ohf.	100,0%	8.766	2,3%	7.059	45	252
Vaðlaheiðargöng hf.	34,0%	18.220	-52,6%	603	-885	2

Orkufyrirtæki							
Fyrirtæki	Eignarhluti ríkisins	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Arðgreiðslur til ríkisins	Stöðugildi
Landsvirkjun	100,0%	579.719	6,1%	70.998	18.877	6.353	319
Orkubú Vestfjarða ohf.	100,0%	13.257	3,3%	3.174	329		60
RARIK ohf.	100,0%	83.469	3,9%	16.748	2.110	310	227

Þjónustufyrirtæki							
Fyrirtæki	Eignarhluti ríkisins	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Arðgreiðslur til ríkisins	Stöðugildi
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	100,0%	8.403	24,8%	45.050	1.631	500	342
Endurvinnslan hf.	17,8%	2.225	20,0%	1.327	284		34
Happdrætti Háskóla Íslands	100,0%	5.296	40,2%	2.714	1.407		18
Íslandspóstur ohf.	100,0%	6.529	7,2%	7.453	256		566
Íslenskar orkurannsóknir	100,0%	542	-71,5%	1.244	-143		50
Landskerfi bókasafna hf.	51,0%	244	0,4%	188	1		8
Matís ohf.	100,0%	962	9,7%	1.733	32		93
Neyðarlínan ohf.	100,0%	639	22,8%	1.500	62		40
Vigdísarholt ehf.	100,0%	807	39,5%	2.403	183		180
Öryggisfjarskipti ehf.	75,0%	1.356	14,0%	442	157		

Önnur fyrirtæki						
Fyrirtæki	Eignarhluti ríkisins	Eignir samtals	Arðsemi eigin fjár	Tekjur samtals	Hagnaður ársins	Stöðugildi
Icelandic Trademark Holding ehf.	100,0%	232	56,5%	151	58	
Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	51,0%	2.093	-12,1%	1.330	-85	73
Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.	94,0%	48	-16,2%	81	-5	1
Þjóðarleikvangur ehf	42,5%		-48,4%	5	-5	
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	100,0%	1.859	-14,5%	23	-240	4

Markvert á árinu

Þótt kórónuveirufaraldurinn hafi áfram haft mikil áhrif á rekstur einstakra ríkisfyrirtækja gekk rekstur flestra þeirra vel. Heildartekjur jukust um 62 ma.kr. og arðsemi eigin fjár ríkisfyrirtækja jókst um 5,8 prósentustig milli ára.

Ríkið seldi á árinu 35% hlut í Íslandsbanka til fjölbreytts hóps innlendra og erlendra fjárfesta í frumútboði og skráningu bréfa í bankanum í Kauphöllinni og átti því 65% hlut í félagini í lok árs. Stefnt er að því að selja allan eftirstandardi hlut ríkisins í bankanum á næstu misserum þegar skilyrði eru ákjósanleg.

Ríkið jómhlutafé Isavia um 9 ma.kr. á árinu, til að styðja við rekstur og fjárfestingabörf félagsins í kjölfar kórónuveirufaraldursins og tryggja þannig getu Isavia til að bregðast hratt við aukinni flugumferð. Metnaðarfull uppyggingaráform á Keflavíkurflugvelli voru kynnt á árinu og stefnir árið 2022 í að verða eitt stærsta framkvæmdaár í sögu flugvallarins.

Einnig jómhlutafé Farice ehf. um 39,5 m. evra til að félagið gæti lagt nýjan gagnasæstreng til Evrópu í samræmi við áherslur ríkisins um fjarskiptaöryggi.



Unnið var að fjárhagslegri endurskipulagningu á Vaðlaheiðargöngum hf. á árinu, þar sem lán félagsins frá ríkinu voru á gjalddaga og erfitt fyrir félagið að endurfjármagna án aðkomu ríkisins. Markmiðið er að félagið geti orðið fjárhagslega sjálfbært eftir skipulagninguna og að ríkið hámarki endurgreiðslur af fjármögnun sinni til félagsins. Ákveðið var að breyta hluta af láni ríkisins í hlutafé í samræmi við skilmála láanasamnings sem leiðir til þess að hlutdeild eigenda núverandi hlutafjár mun minnka verulega en ríkisins aukast umtalsvert.



Á árinu 2021 stóð Kadeco fyrir samkeppnisútboði um þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar. Mikill áhugi var á samkeppnisútboðinu en alls sóttust 25 teymi víða að úr heiminum eftir því að taka þátt í forvali, skipuð fyrirtækjum í fremstu röð á sínu sviði. Í desember kynntu þrjú teymi lokatillögur sínar en dómnefnd valdi að lokum tillögu KCAP-teymisins. Frá því að vinningstillagan var valin í desember hefur Kadeco unnið áfram með KCAP að gerð þróunaráætlunar.

Hlutverk Nýs Landspítala var endurskilgreint og ber félagið nú ábyrgð á endurnýjun á öllu húsnæði spítalans auk þess að tryggja viðeigandi tækjabúnað og upplýsingatækni. Á vettvangi félagsins var unnið að margvíslegri greiningarvinnu og áætlanagerð sem gerir stjórnvöldum kleift að móta stefnu varðandi endurnýjun innviða Landspítalans.

Á árinu 2021 voru stofnuð tvö félög. Fjárföng ehf. sem mun standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum og Fasteignir Háskóla Íslands ehf. sem fer nú með eignarhald og umsýslu á fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni.

Fjármála- og efnahagsráðherra gaf út endurskoðaða almenna eigandastefnu ríkisins fyrir félög í þess eigu í september 2021 og eru þar auknar upplýsingar um þau viðmið, markmið og áherslur sem ríkið leggur áherslu á í starfsemi þeirra.

Raforkulög töku breytingum á árinu þar sem meðal annars var kveðið á um að Landsnet hf. skyldi eingöngu vera í beinni eigu íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, en fram til þessa hafa fyrirtæki í eigu þessara aðila mátt eiga hluti í Landsneti. Þarf því að færa óbeint eignarhald ríkis og sveitarfélaga í beina eigu þeirra á árinu 2022.

Eignarhald ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhald félaga í eigu ríkisins nema lög mæli fyrir um annað. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að halda utan um félög ríkisins á miðlægan hátt og skilja sem mest á milli faglegrar umsýslu félaga af hálfu ríkisins og þess lögbundna hlutverks þess að sjá um reglusetningu og eftirlit með starfsháttum einstakra atvinnugreina. Setning almennrar eigandastefnu fyrir öll félög í eigu ríkisins er einn lykilþatta í meðferð eignarhaldsins. Fjármála- og efnahagsráðherra mótar stefnuna í samræmi við 44. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Ríkið á nú þegar þýðingarmikil félög í íslensku atvinnulífi og gegna sum þeirra mikilvægu kerfislegu hlutverki í samfélaginu auk þess að starfa á samkeppnismarkaði. Þá hefur ör þróun í tækni og neytendahegðun mikil áhrif á rekstur og rekstrargrundvöll fyrirtækja og á það sama við um opinber fyrirtæki. Því er mikilvægt að vel sé haldið utan um eignarhald á ríkisfélögum.

Grundvöllur eignarhalds ríkisins

Forsendur fyrir eignarhaldi ríkisins á einstökum félögum geta verið mjög ólíkar, auk þess sem rök fyrir eignarhaldinu geta breyst með tímanum. Í öllum tilvikum fer ríkið þó með eignarhaldið í þágu almannahagsmunu. Mikilvægt er því að eignarhald ríkisins á félögum byggi á skýrum og hlutlægum forsendum sem unnt er að réttlæta með vísan til almannahagsmunu. Í samræmi við það er mikilvægt að forsendur eignarhalds séu metnar reglulega með tilliti til breytttra aðstæðna.

Almennar forsendur eignarhalds

Þeim almennu forsendum sem eiga við um eignarhald ríkisins á félögum er hér skipt í fjóra meginflokk. Nokkuð breytilegt getur verið hversu margar af þessum forsendum eiga við um einstök félög. Ljóst er hins vegar að upphaflegar forsendur eignarhalds á einstökum félögum kunna að breytast með tímanum. Hér á eftir eru dregnar fram helstu almennu forsendur fyrir eignarhaldi ríkisins í félögum og sett fram dæmi.

Almannahagsmunir og þjónusta

- Að byggja upp og reka nauðsynlega þjónustu sem tryggar aðgengi almennings að henni á viðunandi verði. Dæmi: að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og annarra landa eða tryggja raforkudreifingu á landsbyggðinni.
- Að tryggja framkvæmd samfélagslegrar stefnu á tilteknum sviðum. Dæmi: eignarhald á fyrirtækjum sem framfylgja stefnu í áfengis- og tóbaksmálum eða stuðla að vernd og nýtingu gamalla bygginga.
- Að tryggja yfirráð yfir mikilvægum auðlindum og hámarka virði þeirra. Dæmi: eignarhald á krítískum orkufyrirtækjum sem stuðla að orkusjálfbærni, orkuöryggi og nýsköpun.

Markaðsbrestur

- Að stuðla að því að starfsemi sem býr við náttúrulega einokun þjóni almannahagsmunum. Dæmi: að framfylgja orkustefnu um að flutningskerfi raforku verði í opinberri eigu.
- Að draga úr neikvæðum afleiðingum markaðsbrests. Staða fjármálafyrirtækja eftir hrún fjármálakerfisins er lýsandi dæmi um tímabundinn markaðsbrest sem olli því að flest fjármálafyrirtæki landsins komust í ríkiseigu.
- Að tryggja fjármögnun þar sem stærð verkefna, áhætta og aðrir þættir geta valdið því að erfitt getur verið fyrir einkafyrirtæki að fjármagna þau á hefðbundnum markaðsforsendum. Söguleg dæmi um þetta eru t.a.m. stærri samgöngumannvirki, virkjanir og fjarskiptakerfi.

Innviðir og atvinnuþróun

- Að tryggja að tiltekin fyrirtæki viðhaldi starfsemi í landinu og mikilvægum innviðum, þjónustu og þekkingu. Dæmi: í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki er gert ráð fyrir að ríkið haldi vissum hlut í viðskiptabanka til framtíðar.
- Að tryggja að uppbrygging og yfirráð tiltekinna lykilinnviða verði á grundvelli langtímahagsmunu samfélagsins frekar en skammtímahagnaðarsjónarmiða. Dæmi: þessi

forsenda er ein ástæða eignarhalds ríkisins í flugvallarstarfsemi, orkuflutningi og sæstrengjum.

- Að stuðla að atvinnuþróun og uppbyggingu tiltekina atvinnugreina. Dæmi: eignarhald í starfsemi fjárfestingarsjóða og rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Afmörkuð opinber verkefni

- Að vinna að tilteknum verkefnum ríkisins eða samstarfsverkefni með öðrum aðilum. Dæmi: eignarhald á Kadeco og Betri samgöngum ohf.
- Þróun og umsýsla fasteigna. Dæmi: Harpa.

Endurmat á eignarhaldi ríkisins í félögum

Ljóst er að upphaflegar forsendur eignarhalds á einstökum félögum kunna að breytast með tímanum eða verða úreltar. Í slíkum tilvikum er eðlilegt að endurmota kosti þess að starfsemi sé komið fyrir í félagi sem er að öllu leyti eða að meiri hluta í eigu

ríkisins og að slíkt endurmat sé gert á hlutlægan hátt út frá eftirfarandi sjónarmiðum:

Breytingum í ytra umhverfi fyrirtækja

- Tæknipróun, breyttar neysluvenjur eða breytt samkeppnisumhverfi getur leitt til endurmats á eignarhaldi.


Auknum möguleikum til að tryggja framgang

markmiða með öðrum hætti en eignarhaldi

- Eðlilegt er að ríkið endurskoði öðru hvoru hvort enn sé ástæða til þess að starfsemi sé rekin í félagaformi, hvort rétt sé að hún eigi betur heima undir hinum almenna rekstri ríkisins eða hvort einkaaðilar geti sinnt henni á viðunandi hátt.

Breyttri stefnu um hlutverk ríkisins

- Ríkið hefur látið af margvíslegri atvinnustarfsemi vegna breytrrar stefnu og má þar nefna skipaútgerð og bókaútgáfu.



Forsendur eignarhalds

	Samkeppnis- markaður	Almanna- þjónusta	Samfélags- stefna	Markaðs- brestur	Samfélags- innviðir	Atvinnu- þróun	Verkefna- rammi	Tekjuöflun
Eignaumsýsla								
Eignarhlutir ehf.	Nei					x		
Leigufélagið Bríet	Já	x						
Lindarhvoll ehf.	Nei					x		
Minjaværnd hf.	Nei					x		
Nýr Landspítali ohf.	Nei					x		
Sítus ehf.	Nei					x		
Tæknigarður ehf.	Nei			x		x		
Vísindagarðar Háskóla Íslands	Nei			x				
Vísindagarðurinn ehf.	Að hluta			x		x		
Fjármálfyrirtæki								
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	Að hluta				x			
Íslandsbanki hf.	Já					x		
Landsbankinn hf.	Já			x		x		
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Nei				x			
Sparsísjóður Austurlands hf.	Já					x		
Innviðafyrirtæki								
Betri samgöngur ohf.	Nei			x		x		
Farice ehf.	Að hluta		x	x				
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	Að hluta			x		x		
Isavia ohf.	Að hluta	x			x			
Ríkisútværpið ohf.	Já	x	x					
Vaðlaheiðargöng hf.	Nei			x				
Orkufyrirtæki								
Landsvirkjun	Já			x		x		
Orkubú Vestfjarða ohf.	Að hluta		x	x				
Rarik ohf.	Að hluta		x	x				
Þjónustufyrirtæki								
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Nei	x				x		
Endurvinnslan hf.	Nei	x				x		
Happdrætti Háskóla Íslands	Nei					x		
Íslandspóstur ohf.	Að hluta	x						
Íslenskar orkurannsóknir	Já				x	x		
Landskerfi bókasafna hf.	Nei					x		
Matís ohf.	Að hluta			x				
Neyðarlínan ohf.	Nei	x			x			
Vigdísarholt ehf.	Nei	x				x		
Öryggisfjarskipti ehf.	Nei	x			x			
Önnur félög								
Icelandic Trademark Holding ehf.	Nei			x		x		
Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnu	Nei	x				x		
Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.	Nei			x		x		
Tæknisetur	Nei				x	x		
Þjóðarleikvangur ehf.	Nei					x		
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	Nei			x	x			

Skipulag eigandahlutverksins

Umgjörð og skipulag eigandahlutverksins þarf að vera skýrt og er hér fjallað um þá lykilaðila sem helst koma að meðferð eignarhluta í félögum í eigu ríkisins og eftirliti með umsýslu þeirra.

Alþingi

Alþingi tekur ákvörðun með fjárlögum um það hvort veita skuli söluheimild á eignarhlutum ríkisins í einstökum félögum í samræmi við lög. Slík heimild, eða eftir atvikum sérlög um sölu einstakra eignarhluta, er grundvöllur þess að ríkissjóður geti selt hluti í félögum. Það sama gildir um kaupheimildir í félögum fyrir hönd ríkisins.

Alþingi hefur almennt eftirlit með því hvernig stjórnvöld sinna eigandahlutverki sínu og getur í því sambandi krafð fjármála- og efnahagsráðherra og önnur stjórnvöld upplýsinga. Beiðni um upplýsingar sem varða einstök félög skal send því stjórnvaldi sem fer með eignarhald viðkomandi félags.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með fyrirsvar mála er varða félög í eigu ríkisins gagnvart Alþingi og nefndum þess.

Ráðherra setur félögum í eigu ríkisins almenna eigandastefnu. Í eigandastefnunni er mælt fyrir um áherslur sem ríkið leggur til grundvallar við meðferð eignarhluta og við rekstur, stjórnun og starfshætti félaga af hálfu stjórn og stjórnenda þeirra. Ráðherra setur einnig eigandastefnu fyrir fjármálagyrtaeki sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með.

Ef fyrirhuguð er sala á eignarhlutum í felagi að meiri hluta í eigu ríkisins skal ráðherra leggja fram til Alþingis lagafrumvarp um fyrirhugaða sölu. Að lokinni sölu gerir ráðherra fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir niðurstöðum hennar.

Ráðherra kýs einstaklinga til setu í stjórnnum félaga í eigu ríkisins á grundvelli hæfis, hæfni og sjónarmiða um samsetningu stjórnna.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálagyrtaekjum í samræmi við lög og eigandastefnu ríkisins.


Í nokkrum tilfellum fara önnur ráðuneyti en fjármála- og efnahagsráðuneytið með fyrirsvar eignarhalds og koma því að ábyrgðar- og ákvörðunarferli þeirra fyrirtækja.

Ráðherra upplýsir ráðherranefnd og ríkisstjórn um einstök stærri mál eftir því sem þörf krefur.

Stjórnir

Félög í eigu ríkisins starfa á ábyrgð stjórnna og stjórnenda í samræmi við eigandastefnu ríkisins og almenn viðmið um góða stjórnarhætti. Hlutverk stjórnna er að vinna að framgangi félaganna í samræmi við lög, reglur, samþykkir og leiðbeinandi tilmæli sem um starfsemina gilda.

Meginskipulag ábyrgðar- og ákvörðunarferils




Stjórnir og stjórnarlaun

Stjórn félags skal skv. lögum um hlutafélög og eigandastefnu ríkisins vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eiganda þess. Í ljósi opinbers eignarhalds ber stjórnarmönnum að gæta að því að starf stjórna og félaga er í þágu almennings. Stjórn þarf ávallt að vera viðbúin því að þurfa að gera grein fyrir vinnubrögðum og ákvörðunum með opnum og gagnsæjum hætti og rökstyðja þær gagnvart almenningi.

Samsetning stjórna skal vera þannig að henni sé kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum. Áhersla skal lögð á að stuðla að fjölbreytni og hæfni stjórna og að í öllum stjórnunum sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Þá skal tryggja að hæfni stjórnarinnar í heild hæfi sem best þörfum félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Í myndinni hér að neðan er yfirlit yfir sögulega þróun á kynjaskiptingu stjórna ríkisfyrirtækja.



Þóknun til stjórnarmana í félögum í eigu ríkisins skal vera samkeppnishæf, hófleg og ekki leiðandi. Hún skal vera í samræmi við eigandastefnu ríkisins hverju sinni. Við það skal miðað að þóknun stjórnarformanns sé tvöföld þóknun annarra stjórnarmana. Stjórnarlaun samþykkt á aðalfundi skulu vera heildarlaun stjórnarmanna, þ.m.t. laun fyrir nefndarsetu þeirra, og skal í tillögu um stjórnarlaun til aðalfundar sundurliða öll laun eða greiðslur til stjórnar.

Fyrirtæki	Stjórnarformaður	Laun formanns stjórnar á mán.	Laun stjórnar- manns á mán.	Launakostnaður stjórnar á árinu	Laun forstjóra á árinu	Hlunnindi forstjóra á árinu
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins					23.900	
Betri samgöngur ohf.	Árni Matthias Mathiesen	350	175	22.180	21.600	
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	Gunnhildur Erla Vilbergssdóttir	129	65	6.493		
Endurvinnslan hf.	Július Jónsson	294	147			
Farice ehf.	Martha Eiríksdóttir	268	134	9.065	25.389	
Happdrætti Háskóla Íslands	Eyvindur G Gunnarsson	170	85	4.098	22.805	
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	204	102	11.132	18.919	
Hvanneyrarbúið ehf.	Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir				11.095	
Icelandic Trademark Holding ehf.	Porkell Sigurlaugsson	250	100	7.600		
Isavia ohf.	Orri Hauksson	430	215	22.527	35.550	
Íslandsbanki hf.	Hallgrímur Snorrason	785	450	83.115	55.141	1.941
Íslandspóstur ohf.	Bjarni Jónsson	352	180	12.861	25.537	2.760
Íslenskar orkurannsóknir	Þórdís Ingadóttir	233	116	9.954	21.864	
Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	Jón Björgvin Stefánsson	115	65	1.467	18.272	
Landsbankinn hf.	Helga Björk Eiríksdóttir	785	450	66.114	45.363	2.008
Landskerfi bókasafna hf.	Viktor Jens Vigfússon	66	33	1.953	16.001	
Landsvirkjun	Jónas Þór Guðmundsson	508	254	24.808	41.149	1.922
Leigufélagið Bríet ehf.	Ólafur Sveinsson	195	98	7.020		
Matis ohf.	Hákon Stefánsson	153	77	7.427	20.226	
Minjavernd hf.	Þróstur Ólafsson	73	37	2.640	16.800	2.155
Neyðarlínan ohf.	Jón Gunnar Vilhelmsson	180	90	7.600	18.600	
Nýr Landspítalur ohf.	Finnur Árnason	380	190	8.900	22.500	
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Sigurður Hannesson	150	75	5.146	15.409	
Orkubú Vestfjarða ohf.	Illugi Gunnarsson	270	135	9.570	21.894	
Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.	Þórður Kristinsson	58	29	2.230	11.460	
Rarik ohf.	Birkir Jón Jónsson	394	197	14.508	25.088	
Ríkisútværpið ohf.	Jóhanna Hreiðarsdóttir	272	136	16.800	32.000	
Síitus ehf.	Ebba Schram	100	75	3.000		
Sparisjóður Austurlands hf.	Jón Einar Marteinsson	220	110	8.674	24.197	
Þjóðarleikvangur ehf	Árni Geir Pálsson			5.400		
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	Steinunn Sigvaldadóttir	270	135	10.005	18.708	1.975
Vaðlaheiðargöng hf.	Hilmar Gunnlaugsson	220	110	6.607	18.045	
Vigðisarholt ehf.	Steingrímur Ari Arason	150	100	4.806	20.780	
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	Sigurður Magnús Garðarsson	172	86	5.092	25.882	14.045
Vísindagarðurinn ehf.	Björn Ingimarsson	177	89	354		

Upphæðir í þús.kr.

Eigandastefna

Fjármála- og efnahagsráðherra fer með eignafyrirsvar og mótar almenna eigandastefnu fyrir öll félög í eigu ríkisins, auk viðauka um einstök félög eða geira ef þörf er á. Með þessu er skilið milli þeirra markmiða og skyldna sem ríkið hefur sem faglegur og hæfur eigandi félaga og þess lögbundna hlutverks að sjá um reglusetningu og eftirlit með starfsháttum einstakra atvinnugreina og félaga. Þá hefur verið gefin út sérstök eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins sem Bankasýsla hefur umsýslu með. Eigandastefnurnar eru birtar á vef ráðuneytisins.

Markmið með eignarhaldi ríkisins

Markmið ríkisins með eignarhaldi félaga fer eftir eðli fyrirtækjanna. Um mörg þeirra gilda sérlög og eru þar raktar forsendur fyrir stofnun og eignarhaldi ríkisins. Meiri hluti ríkisfélaga er hlutafélög, einkahlutafélög eða opinber hlutafélög og starfa skv. viðeigandi almennum lögum og sérlögum.

Mikilvægt er að eignarhald ríkisins á félögum sé byggt á skýrum grundvelli og að markmið ríkisins sem eiganda félaga séu gagnsæ og fyrirsjáanleg. Mikilvægt er að umsýsla eignarhluta ríkisins í félögum sé fagleg, traust og með það að leiðarljósi að hámarka arðsemi þeirra.

Meginmarkmið ríkisins sem eiganda í félögum eru:

- Að umsýsla ríkisins með eignarhluti í félögum stuðli að trausti og trúverðugleika.
- Að stuðla að samkeppni.
- Að stuðla að hagkvæmni í rekstri og fjárfestingum að teknu tilliti til hlutverks og áhættu.
- Að fjárfestingarstig samræmist hagstjórnarlegum markmiðum stjórnvalda.
- Að stuðla að samfélagslegum og umhverfislegum markmiðum stjórnvalda.

Meginreglur eigandastefnu

Í ljósi hins opinbera eignarhalds er mikilvægt að áherslur við stjórn og starfsemi félags styðji við og vinni að markmiðum eiganda með eignarhaldinu. Meginreglur þær sem hér eru settar fram byggja á sjónarmiðum um góða og árangursríka starfshætti félaga í opinberri eigu.

1. Jafnræðis skal gætt í samskiptum eigenda og milli eiganda og félags.
2. Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil og stjórnunarlegan aðskilnað milli eiganda og félags, sem og milli stjórnar og stjórnenda.
3. Viðhafa skal opna stjórnarhætti, gagnsæi og jafnræði við stjórn félags.
4. Stjórn félags skal vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfsemi og rekstri gagnvart eiganda.
5. Félag skal starfa í samræmi við eigandastefnu og árangursviðmið eiganda.
6. Félag skal vinna að þeim samfélagslegu markmiðum sem eigandi stefnir að með eignarhaldinu.
7. Samfélagsleg verkefni sem félagi eru falin skulu fjármögnuð með beinum framlögum í þeim mæli sem tekjur standa ekki undir kostnaði.
8. Viðskipti milli eiganda og félags eða milli félagsins og annarra félaga í eigu ríkisins skulu fara fram á gagnsæjan hátt og á markaðsforsendum.
9. Stjórn félags skal skipuð hæfum einstaklingum, því sem næst jafnmörgum konum og körlum, með góða þekkingu og haldgóða reynslu sem hæfir á viðkomandi sviði.
10. Félag skal setja sér starfskjara stefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.
11. Félag skal stefna að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni með starfsemi sinni.
12. Félag skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup og ráðstöfun eigna og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir.

Árangur og afkoma

Heildartekjur ríkisfyrirtækja námu 304 ma.kr. og hækkuðu um 62 ma.kr. frá fyrra ári. Mest munaði um tekjuaukningu hjá bönkunum upp á 42,7 ma.kr. en einnig hafði tekjusamdráttur hjá Isavia vegna Covid-19 á árinu 2020 áhrif á tekjuaukningu uppá um 4 ma.kr. Jafnframt jukust tekjur Landsvirkjunar um 9,6 ma.kr. á árinu. Samanlagður hagnaður ríkisfyrirtækjanna á árinu 2021 nam 76,3 ma.kr. sem jókst um 57,1 ma.kr. milli ára. Mest munaði um hagnaðaraukningu hjá bönkunum upp á 35,4 ma.kr. og taprekstur Isavia út af Covid-19 á árinu 2020 gekk að mestu til baka á árinu 2021. Heildarárðsemi eigin fjár var um 8%, sem er verulegt stökk þegar litið er til síðustu fimm ára, og hækkar arðsemi eigin fjár um 5 prósentustig milli ára. Áhrif af starfsemi Seðlabankans eru ekki tekin með í þessari skýrslu en upplýsingar um áhrif hans er að finna í ríkisreikningi.


Fyrirtækin fjárfestu fyrir 39,8 ma.kr. á árinu og arðgreiðslur til ríkissjóðs námu 15 ma.kr.

Dreifing á tekjum 2016-2021
ISK ma.kr.




● Fjármálfyrirtæki ● Orkufyrirtæki ● Innviðafyrirtæki ● Önnur fyrirtæki


Fjárfestingar
ISK ma.kr.




Arðgreiðsla til ríkissjóðs
ISK ma.kr.




Arðsemi eigin fjár



Hagnaður
ISK ma.kr.



Dreifing á hagnaði eftir flokkum
ISK ma.kr.



Yfirlit yfir ríkisfyrirtæki

Í þessum kafla er stutt yfirlitskynning á ríkisfyrirtækjunum sem flokkuð eru í A3-, B- og C-hluta ríkissjóðs skv. hagskýrslustöðum. Fyrirtækin eru sett fram í stafrófsröð óháð flokkun þeirra. Í yfirlitinu eru tilgreind markmið ríkisins með eignarhaldinu og hlutverk fyrirtækisins skilgreint. Einnig er gerð grein fyrir stefnu fyrirtækisins og markmiðum þess í umhverfis- og samfélagsmálum. Kynjahlutföllum starfsmanna og lykilstjórnenda eru gerð skil ásamt töflu og myndum með lykiltölum úr rekstri. Frekari upplýsingar um starfsemi fyrirtækjanna er að finna í ársskýrslum fyrirtækjanna á heimasíðum þeirra.

Fyrirtæki	Ríkisflokkun	Eignarhlutur	Fyrirsvar
Eignaumsýsla			
Eignarhlutir ehf.	A3	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Leigufélagið Bríet	A3	100,0%	Húsnaðis- og mannvirkjastofnun
Lindarhvoll ehf.	A3	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Minjavernd hf.	A3	38,3%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Nýr Landspítali ohf.	A3	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Situs ehf.	A3	54,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Tæknigarður ehf.	A3	100,0%	Háskóli Íslands
Vísindagarðar Háskóla Íslands	A3	94,6%	Háskóli Íslands
Vísindagarðurinn ehf.	A3	52,4%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Fjármálfyrtæki			
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	C	48,1%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Íslandsbanki hf.	C	65,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Landsbankinn hf.	C	98,2%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	B	100,0%	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Sparisjóður Austurlands hf.	C	49,5%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Innvíðafyrtæki			
Betri samgöngur ohf.	A3	75,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Farice ehf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.	A3	54,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Isavia ohf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Ríkisútvاريð ohf.	A3	100,0%	Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Vaðlaheiðargöng hf.	C	93,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Orkufyrtæki			
Landsvirkjun	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Orkubú Vestfjarða ohf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Rarik ohf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Þjónustufyrtæki			
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	B	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Endurvinnslan hf.	C	17,3%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Happdrætti Háskóla Íslands	B	100,0%	Háskóli Íslands
Íslandspóstur ohf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Íslenskar orkurannsóknir	B	100,0%	Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið
Landskerfi bókasafna hf.	A3	51,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Matís ohf.	C	100,0%	Matvælaráðuneytið
Neyðarlínan ohf.	A3	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Vigdísarholt ehf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Öryggisfjarskipti ehf.	A3	75,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Önnur félög			
Icelandic Trademark Holding ehf.	C	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	A3	51,3%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Rannsókna- og háskólanet Íslands hf.	A3	85,6%	Háskóli Íslands
Tæknisetur	A3	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Þjóðarleikvangur ehf.	A3	42,5%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	A3	100,0%	Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að framfylgja lýðheilsustefnu ríkisins í áfengis- og tóbaksmálum, sbr. lög þar um, á sem hagkvæmastan hátt.

Hlutverk félagsins

Hlutverk félagsins er að framfylgja stefnu stjórnvalda um bætta lýðheilsu og samfélagslega ábyrgð í áfengis- og tóbaksmálum í sátt við samfélagið.

Um félagið

ÁTVR er alfarið í eigu íslenska ríkisins og starfar skv. lögum um verslun með áfengi og tóbak, áfengislögum og tóbaksvarnalögum. Verkefni félagsins eru m.a. innkaup á áfengi til smásölu og tóbaki til heildsölu, birgðahald og dreifing á áfengi til áfengisverslana, álagning og innheimta tóbaksgjalds og rekstur áfengisverslana.


Stefna og meginmarkmið

Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynð á sviði samfélagsábyrgðar. ÁTVR vinnur eftir 15 áherslum sem styðja við fimm meginþætti starfseminnar, en þeir eru þjónusta, starfsfólk, starfshættir, birgjar og samfélagið.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Samfélagsmarkmið Vínbúðarinnar er að skapa sátt í samfélaginu um hlutverk hennar og leggja þar áherslu á sjálfbærni, samfélagið og ímynd. Vínbúðin leggur áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og vinnur að sex þeirra.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	45.050	44.904
Gjöld (án afskrifta) samtals	43.001	42.698
EBITDA	2.049	2.206
Hagnaður (-tap)	1.631	1.821
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	8.403	7.309
Heildarskuldir	1.833	1.870
Eigið fé	6.570	5.439
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	1.589	2.866
Fjárfestingar	313	304
Arðgreiðsla til ríkissjóðs	500	1.000
Handbært fé í árslok	3.070	2.285
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	4,5%	4,9%
EBIT hlutfall	3,9%	4,3%
Skuldahlutfall	21,8%	25,6%
Hagnaðarhlutfall	3,6%	4,1%
Arðsemi eigin fjár	24,8%	33,5%
Eiginfjárhlfall	78,2%	74,4%
Veltufjárhlfall	3,7	3,1
Lausafjárhlfall	2,3	1,8
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	342	356

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal
arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



EBIT hlutfall



Heimsmarkmið





Stjórn:

Árni Matthías Mathiesen
(formaður)
Gunnar Einarsson (varaformaður)
Eyjólfur Árni Rafnsson
Guðrún Ögmundsdóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Ólöf Órvarsdóttir

Forstjóri/framkvæmdastjóri:

Davíð Þorláksson
Vefsíða:
www.betrisamgongur.is

Fyrirsvar:

Fjármála- og
efnahagsráðuneytið
Eignarhluti ríkisins: 75%
Aðrir hluthafar:
Reykjavíkurborg: 14,1%
Önnur sveitarfélög: 10,9%

Betri samgöngur ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að auknum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða.

Hlutverk félagsins

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningssamgangna, í samstarfi við ríkið og sveitarfélög á höfuðborgar-svæðinu í samræmi við samkomulag þessara aðila frá 26. September 2019. (Samgöngusáttmáli).

Um félagið

Betri samgöngur ohf. var stofnað með heimild í lögum nr. 81/2020 til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

Stefna og meginmarkmið


Meginmarkmið félagsins er að:

- stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta.
- stuðla að auknu umferðaröryggi.
- tryggja samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skilvika framkvæmd og trausta umgjörð samgangna.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð.

Kynjahlutfall 2021



2021

Efnahagsreikningur	
Heildareignir	4.575
Heildarskuldir	4.571
Eigið fé	4
Sjóðstreymi	
Handbært fé í árslok	2.253
Aðrar lykilstærðir	
Stöðugildi	3

Upphæðir í m.kr.

Stjórn: Július Jónsson (formaður) Ívar Arndal (varaformaður) Lárus B. Sigurbergsson Marta Birna Baldursdóttir Steðán Magnússon	Forstjóri/framkvæmdastjóri: Helgi Lárusson	Vefsíða: www.endurvinnslan.is	Fyrirsvar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Eignarhluti ríkisins: 17,8% Aðrir hluthafar: Ölgerðin: 20% CCEP: 20% ÁTVR: 20% Aðrir: 22,2%			

Endurvinnslan hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að náttúru- og umhverfisvernd með söfnun einnota drykkjarvöruumbúða frá heimilum og lífríki landsins til endurvinnslu á fjárhagslega sjálfbæran hátt.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Endurvinnslunnar er að taka að sér umsýslu skilagjalds og sjá um söfnun og flokkun drykkjarvöruumbúða og undirbúning að útflutningi og sölu þeirra til endurvinnslu erlendis.

Um félagið

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989, skv. lögum nr. 52/1989. Með skilagjaldi á einnota drykkjarvöruumbúðir var myndaður fjárhagslegur hvati fyrir almenning til að safna og skila þeim. Fyrir félagið starfa 58 starfsstöðvar um allt land og selur félagið um 1.450 tonn af plasti og 1.500 tonn af áli til endurvinnslu á ári.


Stefna og meginmarkmið

Endurvinnslan hefur þá stefnu að ná og viðhalda góðu skilahlutfalli drykkjarumbúða og þar með að endurvinna og endurnýta sem mest af því hráefni sem er í drykkjarumbúðum með því að upplýsa viðskiptavini um umhverfisgildi endurvinnslu.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Endurvinnslan vinnur eftir umhverfisstaðlinum ISO 14001 með það að leiðarljósi að endurnýta og endurnota sem mest af því sem fellur til við starfsemi fyrirtækisins. Endurvinnslan uppfyllir stórtæk markmið ESB um skil og endurvinnslu og hlaut umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn árið 2016.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	1.327	824
Gjöld (án afskrifta) samtals	879	843
EBITDA	448	-19
Hagnaður (-tap)	284	-74
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	2.225	1.705
Heildarskuldir	808	573
Eigið fé	1.416	1.133
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	442	-64
Fjárfestingar	12	97
Handbært fé í árslok	512	83
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	33,7%	-2,3%
EBIT hlutfall	26,4%	-13,3%
Skuldahlutfall	36,3%	33,6%
Hagnaðarhlutfall	21,4%	-8,9%
Arðsemi eigin fjár	20,0%	-6,5%
Eiginfjárhlfall	63,7%	66,4%
Veltufjárhlfall	2,2	1,9
Lausafjárhlfall	2,1	1,9
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	34	34

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Tekjur m.kr.



Heimsmarkmið



Farice

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að byggja upp og viðhalda öruggum og samkeppnishæfum fjarskiptatengingum milli Íslands og annarra landa á grundvelli langtímahagsmuna landsins.

Hlutverk félagsins

Farice ehf. var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að byggja upp og veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflutninga milli landa. Fyrirtækið rekur nú two sæstrengi milli Íslands og Evrópu og er unnið að lagningu þriðja strengsins, í samræmi við fjarskiptastefnu ríkisins.

Um félagið

Farice ehf. á og rekur FARICE-1 sæstrenginn milli Seyðisfjarðar og Skotlands með grein til Færeyja. Einnig á félagið og rekur DANICE- sæstrenginn frá Landeyjum á Suðurlandi til

Danmerkur. Unnið er að því að nýr sæstrengur, frá Þorlákshöfn til Galway á Írlandi (ÍRIS), verði tekinn í notkun fyrir lok árs 2022.


Stefna og meginmarkmið

Þróun og viðhald öflugra og öruggra nettenginga milli Íslands og umheimsins.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið



Farice leggur áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og vinnur að fimm þeirra.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	1.992	2.085
Gjöld (án afskrifta) samtals	954	1.092
EBITDA	1.038	993
Hagnaður (-tap)	-76	-225
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	13.895	9.340
Heildarskuldir	5.237	6.458
Eigið fé	8.658	2.882
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	906	765
Fjárfestingar	4.368	43
Handbært fé í árslok	2.065	492
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	52,1%	47,6%
EBIT hlutfall	5,1%	-0,7%
Skuldahlutfall	37,7%	69,1%
Hagnaðarhlutfall	-3,8%	-10,8%
Arðsemi eigin fjár	-0,9%	-7,8%
Eiginfjárhlfall	62,3%	30,9%
Veltufjárhlfall	3,8	1,0
Lausafjárhlfall	3,8	1,0
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	7	7

Upphæðir í m.kr.



Heimsmarkmið



Happdrætti Háskóla Íslands

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að fjármagna uppbyggingu og viðhald á öflugum kennslu- og þekkingarinnviðum, þ.e. byggingu og tækjum, fyrir Háskóla Íslands.

Hlutverk félagsins

Happdrætti Háskóla Íslands aflar tekna til byggingaframkvæmda og tækjakaupa fyrir háskólan með því að reka flokkahappdrætti, skjávélahappdrætti og skafmiðahappdrætti.


Um félagið

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933 og er því elst allra happdrætta á Íslandi. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Nánast allar byggingar HÍ hafa verið fjármagnaðar með hagnaði af rekstri HHÍ sem og fjölmörg tæki

Stefna og meginmarkmið

Meginmarkmið happdrættisins er efling Háskóla Íslands með byggingu húsnæðis yfir skólann og að útvega góðan tækjakost.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	2.714	2.144
Gjöld (án afskrifta) samtals	1.408	1.254
EBITDA	1.306	890
Hagnaður (-tap)	1.407	1.026
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	5.296	4.708
Heildarskuldir	1.798	1.677
Eigið fé	3.498	3.031
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	1.532	902
Handbært fé í árslok	473	534
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	48,1%	41,5%
EBIT hlutfall	44,4%	37,1%
Skuldahlutfall	34,0%	35,6%
Hagnaðarhlutfall	51,8%	47,8%
Arðsemi eigin fjár	40,2%	33,8%
Eiginfjárhlfall	66,0%	64,4%
Veltufjárhlfall	3,8	3,6
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	18	18


Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Tekjur m.kr.





HARPA

Stjórn:
Ingibjörg Ósp Stefánsdóttir
(formaður)
Árni Geir Pálsson (varaformaður)
Aðalheiður Magnúsdóttir
Arna Schram
Guðni Tómasson

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Svanhildur Konráðsdóttir
Vefsíða:
www.harpa.is

Fyrirsvar:
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið
Eignarhluti ríkisins: 54%
Aðrir hluthafar:
Reykjavíkurborg: 46%

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að viðhalda og reka metnaðarfulla tónlistar-, menningar- og ráðstefnuinnviði í einstöku umhverfi sem styðja við öflugt og fjölbreytt menningar- og mannlíf.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Jafnframt að vera miðstöð mannlífs fyrir alla landsmenn og erlenda ferðamenn í miðborg Reykjavíkur.

Um félagið

Harpa er eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og margverðlaunað listaverk. Félagið leigir út sali og rými til fjölbreyttra viðburða, stendur fyrir eigin viðburðum og samstarfsviðburðum og leigir út veitinga- og verslunarrekstur. Sinfóníuhljómsveit Íslands og íslenska óperan hafa jafnframt aðsetur í húsinu.


Stefna og meginmarkmið

Að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf og styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds, funda og tengdrar starfsemi á samkeppnishæfu verði.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Harpa er aðili að yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum. Markmið Hörpu er að fyrir árið 2030 verði hlutfall endurvinnanlegs úrgangs 75%, hlutdeild vistvænni ferðamáta 30% og kolefnisjöfnuð öll losun gróðurhúsalofttegunda sem ekki er hægt að koma í veg fyrir.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	1.567	1.266
Gjöld (án afskrifta) samtals	1.446	1.153
EBITDA	122	113
Hagnaður (-tap)	-162	-185
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	33.561	33.029
Heildarskuldir	22.608	22.053
Eigið fé	10.953	10.976
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	152	9
Fjárfestingar	534	66
Handbært fé í árslok	1.109	1.079
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	7,8%	8,9%
EBIT hlutfall	-13,7%	-19,1%
Skuldahlutfall	67,4%	66,8%
Hagnaðarhlutfall	-10,4%	-14,6%
Arðsemi eigin fjár	-1,5%	-1,7%
Eiginfjárhlfall	32,6%	33,2%
Veltufjárhlfall	1,4	1,7
Lausafjárhlfall	1,4	1,7
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	35	36

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



EBITDA hlutfall



Isavia ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að tryggja uppbyggingu, viðhald og yfirráð á samkeppnishæfum innviðum fyrir öruggar flugsamgöngur milli landa og innan lands á grundvelli langtímahagsmuna landsins.

Hlutverk félagsins

Isavia er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands, innan lands sem utan.

Um félagið

Isavia er opinbert hlutafélag sem annast rekstur, viðhald og uppbyggingu áætlunarflugvalla og lendingarstaða á Íslandi. Auk þess veitir félagið flugleiðsögupjónustu í innanlandsflugi og alþjóðaflugi yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi.


Stefna og meginmarkmið

Vera hluti af góðu ferðalagi og miðstöð flugs á Norður-Atlantshafi, með áherslu á öryggi, samvinnu og þjónustu.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Isavia vinnur að því að lágmarka áhrif neikvæðra umhverfispáttá í starfsemi sinni og hefur umhverfismál ávallt til hliðsjónar í ákvarðanatöku fyrirtækisins. Isavia vinnur að átta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	18.987	14.737
Gjöld (án afskrifta) samtals	21.653	20.873
EBITDA	-2.667	-6.137
Hagnaður (-tap)	-1.535	-13.178
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	88.107	80.477
Heildarskuldir	51.528	53.218
Eigið fé	36.579	27.259
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	1.597	-7.438
Fjárfestingar	5.974	3.153
Handbært fé í árslok	14.683	9.372
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	-14,0%	-41,6%
EBIT hlutfall	-34,6%	-68,2%
Skuldahlutfall	58,5%	66,1%
Hagnaðarhlutfall	-8,1%	-89,4%
Arðsemi eigin fjár	-4,2%	-48,3%
Eiginfjárhlfutfall	41,5%	33,9%
Veltufjárhlfutfall	2,4	2,0
Lausafjárhlfutfall	2,3	2,0
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	1.022	1.026

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Eiginfjárhlfutfall



Heimsmarkmið





Stjórn:
Hallgrímur Snorrason (formaður)
Heiðrún Emilia Jónsdóttir
(varaformaður)
Anna Þórðardóttir
Árni Stefánsson
Frosti Ólafsson
Guðrún Þorgeirs dóttir
Jökull H. Úlfsson

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Birna Einarsdóttir

Vefsíða:
www.islandsbanki.is

Fyrirsvar:
Bankasýsla ríkisins

Eignarhluti ríkisins: 75%

Íslandsbanki hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Eignarhald ríkisins á bankanum byggist á lögum um stöðugleikaskatt og mótask markmið ríkisins með eignarhaldinu af því; þ.e. að hámarka tekjur af eignarhaldinu og að selja allan eignarhlut ríkisins þegar hagfelli og æskileg skilyrði eru fyrir hendi.

Hlutverk félagsins

Að starfrækja viðskiptabanka og stunda þá starfsemi sem fjármálaþyrtækjum er heimil lögum skv. á hverjum tíma og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

Um félagið

Íslandsbanki býður alhliða banka- og fjármálabjónustu fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanafjárfesta á Íslandi. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélagit. Þá er mikil áhersla lögð á gott starfsumhverfi fyrir starfsfólk bankans.


Stefna og meginmarkmið

Stefna Íslandsbanka er að vera hreyfiafl til góðra verka og að veita viðskiptavinum ávallt bestu bankapjónustuna.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Miða að því að rekstur bankans verði til fyrirmynadar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Íslandsbanki hefur sett sér sjálfbærnistefnu og vinnur að fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	52.620	33.842
Gjöld (án afskrifta) samtals	21.246	21.837
Hagnaður (-tap)	23.725	6.755
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	1.428.821	1.344.191
Heildarskuldir	1.225.112	1.157.988
Eigið fé	203.710	186.204
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	-2.540	-80.724
Fjárfestingahreyfingar	2.068	-2.803
Fjármögnumnarhreyfingar	15.402	46.715
Arðgreiðsla til ríkissjóðs	3.400	
Handbært fé í árslok	130.598	115.668
Kennitölur		
Skuldahlutfall	85,7%	86,1%
Hagnaðarhlutfall	45,1%	20,0%
Arðsemi eigin fjár	11,6%	3,6%
Eiginfjárlhutfall	14,3%	13,9%
Eiginfjárlhutfall (CAD)	25,3%	23,0%
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	794	808

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Hagnaður m.kr.



Heimsmarkmið



Íslandspóstur ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að tryggja hagkvæma og sjálfbæra póstþjónustu sem mætir nútímaþörfum landsmanna og fyrirtækja um land allt.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Íslandspósts er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningslausna, svo og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri starfsemi.

Um félagið

Íslandspóstur veitir póstþjónustu um land allt á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda. Magn bréfa fer ört minnkandi en þökkum fjölgar vegna vaxandi stafrænnar þjónustu og netverslunar og vinnur félagið að endurskipulagningu í rekstri til að mæta þeirri þróun, t.d. með uppsetningu póstboxa víðs vegar um land til viðbótar við pósthusin og með snertilausum þjónustuleiðum.


Stefna og meginmarkmið

Íslandspóstur er framsækið fyrirtæki sem viðheldur leiðandi stöðu í bréfa- og vörudreifingu, með því að annast áreiðanlega og örugga þjónustu um allt land og allan heim, sem byggir á viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Íslandspóstur leggur ríka áherslu á jafnvægi milli umhverfismála, samfélags og stjórnarháttar. Sýn fyrirtækisins er að sjálfbærni verði samofin menningu Íslandspósts og hluti allrar ákvarðanatöku.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	7.453	7.457
Gjöld (án afskrifta) samtals	6.483	6.782
EBITDA	970	676
Hagnaður (-tap)	256	104
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	6.529	6.959
Heildarskuldir	2.966	3.652
Eigið fé	3.563	3.307
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	526	1.173
Fjárfestingar	314	237
Handbært fé í árslok	788	1.023
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	13,0%	9,1%
EBIT hlutfall	6,0%	2,6%
Skuldahlutfall	45,4%	52,5%
Hagnaðarhlutfall	3,4%	1,4%
Arðsemi eigin fjár	7,2%	3,2%
Eiginfjárlutfall	54,6%	47,5%
Veltufjárlutfall	1,7	1,3
Lausafjárlutfall	1,6	1,2
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	566	601

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinstu 5 ár



Tekjur m.kr.



Heimsmarkmið



Stjórn: Pórdís Ingadóttir (formaður) Andrés Skúlason Árný Erla Sveinbjörnsdóttir Ingví Már Pálsson Stefán Guðmundsson	Forstjóri/framkvæmdastjóri: Árni Magnússon Vefsíða: www.isor.is	Fyrirsvar: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Eignarhluti ríkisins: 100%
--	---	---

Íslenskar orkurannsóknir

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að vinna að rannsóknum og ráðgjöf sem styðja við nýsköpun, atvinnuþróun og sjálfbaða nýtingu auðlinda landsins, með sérstaka áherslu á jarðvarmaorku.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna, ÍSOR, er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Um félagið

ÍSOR er leiðandi fyrirtæki á sviði rannsókna og þróunar í jarðhita. Félagið veitir ráðgjafarþjónustu og annast beinar grunnrannsóknir á flestum sviðum jarðitanýtingar og annarra auðlinda hérlendis og erlendis.


Stefna og meginmarkmið

Metnaður ÍSOR er að vera leiðandi í ráðgjöf á heimsvísu á sviði sjálfbaðar nýtingar jarðrænna auðlinda og styðja kröftuglega við stefnu og áherslur Íslands í umhverfis-, auðlinda- og orkumálam innan lands og í alþjóðlegu samstarfi.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Að ÍSOR verði leiðandi á sínu sviði og hafi með starfsemi sinni jákvæð áhrif á þróun umhverfismála hér á landi. ÍSOR vinnur að sex heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	1.244	1.234
Gjöld (án afskrifta) samtals	1.353	1.227
EBITDA	-109	7
Hagnaður (-tap)	-143	18
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	542	707
Heildarskuldir	342	363
Eigið fé	200	343
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	-115	104
Fjárfestingar	15	44
Handbært fé í árslok	177	306
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	-8,8%	0,6%
EBIT hlutfall	-11,5%	-3,0%
Skuldahlutfall	63,1%	51,4%
Hagnaðarhlutfall	-11,5%	1,5%
Arðsemi eigin fjár	-71,5%	5,3%
Eiginfjárhlfutfall	36,9%	48,6%
Veltufjárhlfutfall	1,4	1,7
Lausafjárhlfutfall	1,4	1,7
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	50	60

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal
arðsemi eigin fjár yfir seinstu 5 ár



Hagnaður m.kr.



Heimsmarkmið





Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Stjórn:
Jón Björgvin Stefánsson
(formaður)
Elín Hjálmsdóttir (varaformaður)
Einar Jón Pálsson
Kjartan Már Kjartansson
Sæunn Stefánsdóttir

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Nanna Kristjana Traustadóttir
Vefsíða:
www.keilir.net

Fyrirsvar:
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið
Eignarhluti ríkisins: 51%
Aðrir hluthafar:
Reykjanesbær: 34%
Suðurnesjabær: 6,2%
Grindavík: 6,2%
Vogar: 2,2%

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að fjölbreytni í námsframboði, annars vegar fyrir þá sem stefna á háskólanám og hins vegar þá sem vilja styrkja atvinnumöguleika sína með því að ná vissum atvinnuréttindum.

Hlutverk félagsins

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Um félagið

Keilir er miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og er í eigu ríkis, sveitarfélaga á Suðurnesjum og verkalýðsfélaga. Skólinn var stofnaður árið 2007 með það að markmiði að byggja upp námsmannasamfélag á Suðurnesjum þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu.

Stefna og meginmarkmið

Meginmarkmið Keilis eru að veita ávallt framúrskarandi þjónustu, að skila vel menntuðu fólk út í atvinnulífið og í framhaldsnám, að styrkja menntun á Suðurnesjum, að skapa eldri nemendum tækifæri til háskólanáms með aðfaranámi og


að byggja upp öfluga skóla og menntasamfélag á Ásbrú.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Í skólanum starfar umhverfisnefnd og lögð er áhersla á að skólinn setji sér skýr markmið í umhverfismálum.

Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Keilis til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi. Stefnan tekur til allrar starfsemi Keilis þar með talið mótneytis og ræstinga og á einnig við um innkaup, vinnuumhverfi, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs.

Kynjahlutfall 2021



2021	
Rekstrarreikningur	
Tekjur samtals	1.330
Gjöld (án afskrifta) samtals	1.327
EBITDA	3
Hagnaður (-tap)	-85
Efnahagsreikningur	
Heildareignir	2.093
Heildarskuldir	1.388
Eigið fé	705
Sjóðstremi	
Handbært fé frá rekstri	-49
Fjárfestingar	23
Handbært fé í árslok	216
Kennitölur	
EBITDA hlutfall	0,3%
EBIT hlutfall	-9,9%
Skuldahlutfall	66,3%
Hagnaðarhlutfall	-6,4%
Arðsemi eigin fjár	-12,1%
Eiginfjárhlfall	33,7%
Veltufjárhlfall	0,5
Lausafjárhlfall	0,5
Aðrar lykilstærðir	
Stöðugildi	73

Upphæðir í m.kr.



Stjórn:
Helga Björk Eiríksdóttir (formaður)
Berglind Svávars dóttir
(varaformaður)
Elín H. Jónsdóttir
Guðbrandur Sigurðsson
Guðrún Ó. Blöndal
Helgi Friðjón Arnarson
Þorvaldur Jacobsen

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Lilja Björk Einarsdóttir

Vefsíða:
www.landsbankinn.is

Fyrirsvar:
Bankasýsla ríkisins

Eignarhluti ríkisins:
98,2%

Landsbankinn hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að ríkið eigi verulegan eignarhlut í Landsbankanum til langframa, til að tryggja að almenn, vönduð og traust fjármálaþjónusta standi öllum til boða, ásamt því að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og tryggja nauðsynlega og áreiðanlega innviði þess.

Hlutverk félagsins

Að starfrækja viðskiptabanka og stunda þá starfsemi sem fjármálfyrirtækjum er heimil lögum skv. á hverjum tíma og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

Um félagið

Landsbankinn er leiðandi fjármálfyrirtæki hér á landi og býður einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum upp á alhliða fjármálapjónustu.


Stefna og meginmarkmið

Markmið Landsbankans er að einfalda líf viðskiptavina með aðgengilegri þjónustu og góðri ráðgjöf.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið



Landsbankinn vill stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, vera hreyfiafl og starfa eftir ábyrgum stjórnarháttum við rekstur bankans. Félagið fylgir fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með markvissum hætti.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	62.188	38.310
Gjöld (án afskrifta) samtals	22.596	22.550
Hagnaður (-tap)	28.919	10.521
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	1.729.798	1.564.177
Heildarskuldir	1.447.152	1.305.923
Eigið fé	282.646	258.254
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	-48.299	-7.129
Fjárfestingahreyfingar	-4.127	-3.126
Fjármögnumahreyfingar	67.721	8.643
Arðgreiðsla til ríkissjóðs	4.478	
Handbært fé í árslok	84.387	69.092
Kennitölur		
Skuldahlutfall	83,7%	83,5%
Hagnaðarhlutfall	46,5%	27,5%
Arðsemi eigin fjár	10,2%	4,1%
Eiginfjárhlfutfall	16,3%	16,5%
Eiginfjárhlfutfall (CAD)	26,6%	25,1%
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	816	858

Upphæðir í m.kr.



Heimsmarkmið



Stjórn:
 Viktor Jens Vigfússon (formaður)
 Árni Konráð Bjarnason
 Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
 Pálína Magnúsdóttir

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
 Sveinbjörg Sveinsdóttir
 Vefsíða:
www.landskerfi.is

Fyrirsvar:
 Fjármála- og
 efnahagsráðuneytið
 Eignarhluti ríkisins: 51%
 Aðrir hluthafar:
 Reykjavíkurborg: 20%
 Aðrir: 29,2%

Landskerfi bókasafna hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að tryggja uppbyggingu og rekstur sameiginlegs kerfis fyrir íslensk bókasöfn.

Hlutverk félagsins

Að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu.

Um félagið

Landskerfi bókasafna rekur lykilupplýsingakerfi fyrir íslensk bókasöfn, þ.m.t. bókasafnakerfið Gegni, safnagáttina leitir.is, Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarp og sarpur.is.


Stefna og meginmarkmið

Landskerfi bókasafna er árangursdrifið og kappkostar að veita sem besta þjónustu og að vera í fararbroddi hvað varðar kerfislausnir fyrir söfn og þjónustuþega þeirra.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Markmið samgöngustefnu Landskerfis bókasafna hf. er að sýna samfélagslega ábyrgð með því að stuðla að því að starfsfólk félagsins noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	188	179
Gjöld (án afskrifta) samtals	188	178
Hagnaður (-tap)	1	2
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	244	232
Heildarskuldir	32	21
Eigið fé	212	211
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	14	-4
Handbært fé í árslok	185	192
Kennitölur		
Skuldahlutfall	13,2%	9,2%
Hagnaðarhlutfall	0,4%	1,4%
Arðsemi eigin fjár	0,4%	1,2%
Eiginfjárhluftall	86,8%	90,8%
Lausafjárhluftall	6,5	10,4
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	8	8

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinstu 5 ár



Hagnaður m.kr.



Stjórn: Jónas Þór Guðmundsson (formaður) Álfheiður Ingadóttir (varaformaður) Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir Gunnar Tryggvason Jón Björn Hákonarson	Forstjóri/framkvæmdastjóri: Hördur Arnarson	Fyrirsvar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Vefsíða: www.landsvirkjun.is	Eignarhluti ríkisins: 100%	

Landsvirkjun

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að tryggja yfírráð, sjálfbærni og arðbærni á orkuauðlindum og orkuinnviðum á grundvelli langtímahagsmuna landsins.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúð fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.

Um félagið

Landsvirkjun er stærsta orkuþyrtæki landsins og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðvarma og vindi.

Stefna og meginmarkmið


Skilvirk orkuvinnsla og framþróun, forysta í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini, að bjóða upp á framsækinn og eftirsóttan

vinnustað og að lokum að vera fyrirmund í opnum samskiptum og samvinnu.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið


Að skapa arð, fara vel með auðlindir og umhverfi og stuðla að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins. Landsvirkjun leggur áherslu á þrjú af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	70.998	61.350
Gjöld (án afskrifta) samtals	17.005	17.208
EBITDA	53.994	44.142
Hagnaður (-tap)	18.877	10.635
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	579.719	553.153
Heildarskuldir	270.879	268.821
Eigið fé	308.840	284.332
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	41.075	31.665
Fjárfestingar	14.322	15.058
Arðgreiðsla til ríkissjóðs	6.353	10.000
Handbært fé í árslok	12.395	11.699
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	76,0%	72,0%
EBIT hlutfall	51,2%	43,5%
Skuldahlutfall	46,7%	48,6%
Hagnaðarhlutfall	26,6%	17,3%
Arðsemi eigin fjár	6,1%	3,7%
Eiginfjárhlfutfall	53,3%	51,4%
Veltufjárhlfutfall	0,7	0,5
Lausafjárhlfutfall	0,7	0,5
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	319	475

Upphæðir í m.kr.





Stjórn:
Olafur Sveinsson (formaður)
Ásta Björg Pálmadóttir
Björn Gíslason
Elin Oddný Sigurðardóttir
Sigurjón Jónsson

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Soffia Guðmundsdóttir
Vefsíða:
www.briet.is

Fyrirsvar:
Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun
Eignarhluti ríkisins: 100%

Leigufélagið Bríet ehf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að auknu húsnæðisöryggi fyrir almenning með þátttöku í uppbyggingu á skilvirkum og sjálfbærum leigumarkaði, ekki síst á landsbyggðinni, í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Hlutverk félagsins

Aðalstarfsemi félagsins er leiga íbúðarhúsnæðis. Leigufélagið Bríet leggur áherslu á rekstur og útleigu á íbúðum til lengri tíma, byggingar, kaup og sölu íbúðarhúsnæðis til að viðhalda og auka umsvif félagsins, auk umsýslu og endurbóta fasteigna ásamt lánastarfsemi og öðrum verkefnum er tengjast starfsemi félagsins.

Um félagið

Bríet er sjálfstætt starfandi leigufélag í eigu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, stofnað að norrænni fyrirmund og rekið á sjálfbærar hátt. Bríet býður fjölbreytta húsnæðiskosti úti um allt land og taldi eignasafn félagsins um 250 fasteignir í 38 sveitarfélögum við stofnun.


Stefna og meginmarkmið

Markmið Bríetar er að vera hluti af uppbyggingu og styrkingu leigumarkaðar sem stuðlar að öryggi á langtímaleigumarkaði með sérstaka áherslu á landsbyggðina og í samstarfi við sveitarfélögini í landinu. Langtínamarkmið Bríetar er að stuðla að nýsköpun og uppbyggingu þar sem þörf er á því á landsbyggðinni.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Stefna Bríetar er að stuðla að heilbrigðum og hagkvæmum leigumarkaði á landsbyggðinni og bjóða upp á örugga og fjölbreytta húsnæðiskosti í langtímaleigu fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Þá er stefna félagsins að rekstur þess verði sjálfbær og að félagið sé rekið án hagnaðarsjónarmiða.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	390	388
Gjöld (án afskrifta) samtals	214	230
Hagnaður (-tap)	381	32
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	7.674	7.580
Heildarskuldir	4.494	5.185
Eigið fé	2.839	2.395
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	77	55
Fjárfestingahreyfingar	16	907
Fjármögnunarhreyfingar	-1.063	-45
Handbært fé í árslok	1.049	2.019
Kennitölur		
Skuldahlutfall	58,6%	68,4%
Hagnaðarhutfall	97,7%	8,3%
Arðsemi eigin fjár	13,4%	1,4%
Eiginfjárhutfall	37,0%	31,6%
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	6	6

Upphæðir í m.kr.



Stjórn:
 Hákon Stefánsson (formaður)
 Sindri Karl Sigurðsson
 (varaformaður)
 Drífa K. Sigurðardóttir
 Helga Sigurðs Valgeirs dóttir
 Sigmundur Einar Ófeigsson

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
 Oddur Már Gunnarsson
 Vefsíða:
www.matis.is

Fyrirsvar:
 Matvælaráðuneytið
 Eignarhluti ríkisins: 100%

Matís ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að atvinnuþróun og uppbyggingu tiltekinna atvinnugreina.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Matís er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknunum, nýsköpun og þjónustu og að bæta lýðheilsu.

Um félagið

Hjá Matís er unnið að fjölbreyttum verkefnum í matvælaiðnaði þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og verðmætaaukningu. Verkefnin eru unnin í samvinnu við innlenda matvælaframleiðendur, háskóla og alla þá sem með einhverjum hætti veita matvælaiðnaði þjónustu.

Stefna og meginmarkmið


Stefna og framtíðarsýn Matís er að halda áfram að vera framsækið þekkingarfyrirtæki sem eflir samkeppnishæfni Íslands og

skilar þannig tekjum til íslenska ríkisins, að halda áfram að vera eftirsóttur, krefjandi og spennandi vinnustaður með fyrsta flokks aðstöðu þar sem starfsmenn njóta sín í starfi og að lokum að hafa hæft og ánægt starfsfolk.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið



Áherslur og verkefni Matís stuðla að því að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði náð. Matís leggur áherslu á níu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	1.733	1.689
Gjöld (án afskrifta) samtals	1.636	1.601
EBITDA	97	88
Hagnaður (-tap)	32	31
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	962	1.015
Heildarskuldir	637	721
Eigið fé	325	294
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	54	127
Fjárfestingar	101	62
Handbært fé í árslok	208	255
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	5,6%	5,2%
EBIT hlutfall	2,5%	2,7%
Skuldahlutfall	66,2%	71,1%
Hagnaðarhlutfall	1,8%	1,8%
Arðsemi eigin fjár	9,7%	10,5%
Eiginfjárhlfall	33,8%	28,9%
Veltufjárhlfall	1,2	1,1
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	93	96

Upphæðir í m.kr.



Heimsmarkmið



Stjórn:
 Þróstur Ólafsson (formaður)
 Þórhallur Arason (varaformaður)
 Óli Jón Hertervig
 Ólöf Örvarsdóttir
 Sólveig Pétursdóttir

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
 Þorsteinn Bergsson
 Vefsíða:
www.minjavernd.is

Fyrirsvar:
 Fjármála- og
 efnahagsráðuneytið
 Eignarhluti ríkisins: 38,3%
 Aðrir hluthafar:
 Reykjavíkurborg: 38,3%
 Minjar
 sjálfsignarstofnun: 23,5%

Minjavernd hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu gamalla bygginga um land allt.

Hlutverk félagsins

Meginstarfsemi Minjaverndar hf. er varðveisla mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi.


Um félagið

Minjavernd hf. var stofnuð 28. apríl 2000. Félagið var reist á grunni starfs sjálfseignarstofnunarinnar Minjaverndar sem stofnuð var í apríl 1984, en hún byggði grunn sinn á því starfi sem Torfusamtökin stóðu fyrir á Bernhöftstorfu frá nóvember 1979.

Stefna og meginmarkmið

Að stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi í víðtækasta skilningi.


Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	88	86
Gjöld (án afskrifta) samtals	120	104
EBITDA	-32	-18
Hagnaður (-tap)	-85	-74
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	790	856
Heildarskuldir	632	613
Eigið fé	158	243
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	-14	27
Fjárfestingar	114	245
Kennitölur		
EBIT hlutfall	-56,7%	-46,1%
Skuldahlutfall	80,0%	71,6%
Arðsemi eigin fjár	-53,6%	-30,5%
Eiginfjárhutfall	20,0%	28,4%
Veltufjárhutfall	0,1	0,3
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	8	8

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinstu 5 ár



Fjárfestingar m.kr.



112

EINN EINN TVEIR

Stjórn:
Jón Gunnar Vilhelmsson
(formaður)
Ingilín Kristmannsdóttir
(varaformaður)
Ebba Schram
Ragna Bjarnadóttir
Runólfur Birgir Leifsson

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Þórhallur Ólafsson

Vefsíða:
www.112.is

Fyrirsvar:
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið

Eignarhluti ríkisins:
100%

Neyðarlínan ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að því að mannslífum sé bjargað og umhverfi, eignir og mannvirki séu varin fyrir skakka-föllum í neyðartilvikum með rekstri neyðarsímsvörunar (112) og tengdra verkefna.

Hlutverk félagsins

Lykilhlutverk 112 er að bjóða upp á eitt samræmt neyðarnúmer sem er virkt allan sólarhringinn og veitir mannúðlega, óhlutdræga og áreiðanlega þjónustu og virkjar viðunandi neyðarviðbragð.

Um félagið

Neyðarlínan rekur fullkomnustu vaktstöð á landinu sem nýtir nýjustu upplýsinga- og fjarskiptatækni. Í vaktstöð Neyðarlínunnar svara neyðarverðir beiðnum um hjálp gegnum síma og netspjall allan sólarhringinn, árið um kring og eru tengiliðir milli almennings og viðbragðsaðila.


Stefna og meginmarkmið

Stefna Neyðarlínunnar er að vera ávallt í fararbroddi á sínu sviði. Þekking og færni starfsfólks er ein dýrmætasta eign sérhvers fyrirtækis og ljóst að hæft starfsfólk er grunnurinn að góðum árangri Neyðarlínunnar.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Neyðarlínan hefur sjálfbæra þróun og umhverfisvernd að leiðarljósi. Hún lágmarkar auðlinda- og efnanotkun og stuðlar að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs. Hún stuðlar að heilbrigðum og öruggum starfsskilyrðum og hvetur til að nýta sér vistvæna ferðamáta.


Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	1.500	1.496
Gjöld (án afskrifta) samtals	1.461	1.468
EBITDA	38	28
Hagnaður (-tap)	62	40
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	639	482
Heildarskuldir	368	233
Eigið fé	270	249
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	56	-21
Handbært fé í árslok	124	63
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	2,6%	1,9%
EBIT hlutfall	2,2%	1,4%
Skuldahlutfall	57,7%	48,4%
Hagnaðarhlutfall	4,1%	2,7%
Arðsemi eigin fjár	22,8%	16,0%
Eiginfjárhlfall	42,3%	51,6%
Veltufjárhlfall	0,9	0,9
Lausafjárhlfall	0,8	0,8
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	40	45

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Nýr Landspítali ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að hagkvæmri þróun og byggingu nýs þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut sem uppfyllir kröfur um gæði og skilvirkni í umönnun og rekstri.

Hlutverk félagsins

Hlutverk NLSH ohf. er skv. lögum að hafa umsjón með og stýringu á verkefninu fyrir hönd ríkisins.


Um félagið

Hringbrautarverkefnið er samstarfsverkefni NLSH, Landspítala (LSH), heilbrigðisráðuneytisins, Háskóla Íslands (HÍ) og Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR). Áætlað er að nýr meðferðarkjarni (sjúkrahús) verði tekinn í notkun 2026-2027. Sjúkrahótelioð hefur verið afhent og var tekið í notkun vorið 2019. Einnig verða byggð rannsóknahús og bílastæða- og tæknihús. Stefnt er að því að framkvæmdum við öll húsin verði lokið 2026-2027.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Markmið umhverfisstefnu NLSH ohf. er að takmarka og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá daglegri starfsemi félagsins og frá framkvæmdum, efla umhverfisitund starfsmanna, auka vellíðan þeirra og bæta starfsumhverfið. Í hönnunar- og framkvæmdaverkefnum á vegum NLSH er unnið skv. breska vistvottunarkerfinu BREEAM-vistvottunarkerfi í heimi fyrir byggingar.

Kynjahlutfall 2021



Efnahagsreikningur	2021	2020
Heildareignir	4.253	3.007
Heildarskuldir	4.233	2.987
Eigið fé	20	20
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	1.407	596
Handbært fé í árslok	4.085	2.678
Kennitölur		
Arðsemi eigin fjár	0,0%	0,0%
Eiginfjárhlfall	0,5%	0,7%
Veltufjárhlfall	1,0	1,0
Lausafjárhlfall	1,0	1,0
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	24	19

Upphæðir í m.kr.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Stjórn:
Sigurður Hannesson (formaður)
Heiðrún Lind Marteinsdóttir
(varaformaður)
Arnbjörg Sveinsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Róbert Eric Farestveit

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Huld Magnúsdóttir
Vefsíða:
www.nyskopun.is

Fyrirsvar:
Háskóla- iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytið
Eignarhluti ríkisins: 100%

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að nýsköpun, atvinnuþróun og uppbyggingu eða framþróun atvinnugreina.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Um félagið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er fjárfestingarsjóður sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, þar sem vænta má virðisauka og arðsemi af starfseminni fyrir íslenskt samfélag og góðrar ávoxtunar fyrir sjóðinn.


Stefna og meginmarkmið

Að stuðla að því að íslensk nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hafi aðgang að virkum markaði áhættufjár frá viðskiptahugmynd til vaxtar.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar í sátt við fólk og umhverfið og leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð. Sjóðurinn leggur áherslu á, bæði í innra starfi sem og í stjórnunarháttum fyrirtækja, umhverfið, siðferði, mannréttindi og velferð samfélagsins í heild.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	221	74
Gjöld (án afskrifta) samtals	146	132
Hagnaður (-tap)	43	30
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	4.964	4.916
Heildarskuldir	18	13
Eigið fé	4.946	4.903
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	-19	-69
Handbært fé í árslok	19	21
Kennitölur		
Skuldahlutfall	0,4%	0,3%
Hagnaðarhutfall	19,3%	40,8%
Arðsemi eigin fjár	0,9%	0,6%
Eiginfjárhutfall	99,6%	99,7%
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	4	4

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Eignir m.kr.





ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stjórn:
Illi Gunnarsson (formaður)
Friðbjörg Matthíasdóttir
(varaformaður)
Eiríkur Valdimarsson
Elsa Kristjánsdóttir
Gísli Jón Kristjánsson

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Elías Jónatansson

Vefsíða:
www.ov.is

Fyrirsvar:
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið

Eignarhluti ríkisins: 100%

Orkubú Vestfjarða ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að tryggja opinber yfirráð á dreifuveitu rafmagns og orkuþryggi með hagkvæmum hætti.

Hlutverk félagsins

Hlutverk Orkubús Vestfjarða ohf. er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Um félagið

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu af virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Fyrirtækið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Stefna og meginmarkmið


Orkubúið leggur áherslu á sjálfbæra, áreiðanlega, ábyrga og

umhverfisvæna framleiðslu og dreifingu raforku og jarðvarma á Vestfjörðum.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Stjórn Orkubús Vestfjarða ohf. hefur samþykkt loftslagsstefnu þar sem m.a. er mælt fyrir um að OV vinni á ábyrgan hátt þar sem tekið er tillit til umhverfis- og samfélagslegra þátta, dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og neikvæðum áhrifum á umhverfið. Orkubú Vestfjarða tekur jafnframt mið af og vinnur skv. stefnu stjórnavalda í loftslags- og umhverfismálum.

Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	3.174	3.107
Gjöld (án afskrifta) samtals	2.385	2.392
EBITDA	789	715
Hagnaður (-tap)	329	244
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	13.257	9.696
Heildarskuldir	3.306	3.385
Eigið fé	9.950	6.311
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	869	692
Fjárfestingar	697	728
Handbært fé í árslok	3	2
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	24,9%	23,0%
EBIT hlutfall	12,1%	10,9%
Skuldahlutfall	24,9%	34,9%
Hagnaðarhlutfall	10,4%	7,8%
Arðsemi eigin fjár	3,3%	3,9%
Eiginfjárhlfutfall	75,1%	65,1%
Veltufjárhlfutfall	4,4	1,0
Lausafjárhlfutfall	4,1	0,7
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	60	60

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Arðgreiðslur m.kr.



RARIK ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að tryggja opinber yfírráð á dreifiveitu rafmagns og orkuöryggi með hagkvæmum hætti.

Hlutverk félagsins

Hlutverk RARIK er að flytja og dreifa raforku, afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun og farsæld í landinu.

Um félagið

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins sem var stofnað 1. ágúst 2006 og tók þá við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins sem hófu starfsemi sína þann 1. janúar árið 1947. Meginstarfsemi RARIK er rekstur dreifiveitu sem starfar skv. lögum nr. 65/2003 og nær dreifiveitusvæðið til meginhluta landsins utan höfuðborgarsvæðisins, Vestfjarða og Reykjaness.


Stefna og meginmarkmið

Stefna RARIK er að veita sem besta þjónustu með þarfir og óskir viðskiptavina sinna að leiðarljósi.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið



RARIK ber ábyrgð á áhrifum sínum á samfélag, efnahagslíf og umhverfi og hefur skilgreint meginreglur og meginviðfangsefni samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækisins. RARIK leggur áherslu á fjölgun heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	16.748	16.268
Gjöld (án afskrifta) samtals	11.099	10.997
EBITDA	5.649	5.271
Hagnaður (-tap)	2.110	1.781
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	83.469	78.855
Heildarskuldir	29.817	29.132
Eigið fé	53.652	49.722
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	4.570	4.303
Fjárfestingar	5.137	7.309
Arðgreiðsla til ríkissjóðs	310	
Handbært fé í árslok	356	1.523
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	33,7%	32,4%
EBIT hlutfall	17,4%	17,2%
Skuldahlutfall	35,7%	36,9%
Hagnaðarhlutfall	12,6%	10,9%
Arðsemi eigin fjár	3,9%	3,6%
Eiginfjárhlfutfall	64,3%	63,1%
Veltufjárhlfutfall	0,9	1,5
Lausafjárhlfutfall	0,7	1,3
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	227	214

Upphæðir í m.kr.



Heimsmarkmið





Stjórn:
 Jóhanna Hreiðarsdóttir (formaður)
 Brynjólfur Stefánsson (varaformaður)
 Björn Gunnar Ólafsson
 Guðlaugur G. Sverrisson
 Hrafnhildur Halldórsdóttir
 Jón Ólafsson
 Marta Guðrún Jóhannesdóttir
 Mörður Árnason
 Mörður Áslaugarson
 Ragnheiður Elín Árnadóttir

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
 Stefán Eiríksson
 Vefsíða:
www.ruv.is

Fyrirsvar:
 Menningar- og
 viðskiptaráðuneytið
 Eignarhluti ríkisins: 100%

Ríkisútværpið ohf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjlölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

Hlutverk félagsins

Kjarninn í tilvist RÚV og tilgangur er að vekja fólk til umhugsunar, virkja til athafna og efla til sköpunar og aðgerða.

Um félagið

Ríkisútværpið er útvarp allra landsmanna. RÚV miðlar texta, hljóði og myndum og sinnir öryggisþjónustu á sviði útvarps. RÚV flytur fréttir í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum allan sólarhringinn alla daga ársins.

Stefna og meginmarkmið


Að upplýsa, fræða og skemmta. Þetta þríþætta hlutverk kemur fram í áherslum í fréttum, menningarefni og afþreyingu í útvarpi, sjónvarpi og öðrum

miðlum. Framtíðarsýnin er að hafa hlutverki að gegna svo hér á landi megi búa vakandi og víðsýn þjóð.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið



RÚV er uppbyggilegt hreyfiafl og leitar eftir samvinnu og samtal við ólíka aðila í samfélaginu í samræmi við hlutverk sitt, stefnu og framtíðarsýn. Allt starf RÚV miðar að því að skila auknu virði út í samfélagið. RÚV leggur áherslu á sex af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	7.059	6.861
Gjöld (án afskrifta) samtals	6.347	6.342
EBITDA	712	519
Hagnaður (-tap)	45	-209
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	8.766	8.341
Heildarskuldir	6.798	6.417
Eigið fé	1.968	1.923
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	540	322
Fjárfestingar	278	290
Handbært fé í árslok	13	22
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	10,1%	7,6%
EBIT hlutfall	4,2%	1,5%
Skuldahlutfall	77,5%	76,9%
Hagnaðarhlutfall	0,6%	-3,1%
Arðsemi eigin fjár	2,3%	-10,9%
Eiginfjárhlfutfall	22,5%	23,1%
Veltufjárhlfutfall	1,0	1,1
Lausafjárhlfutfall	0,4	0,4
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	252	254

Upphæðir í m.kr.



Heimsmarkmið



Sparisjóður Austurlands hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Eignarhald ríkisins er tímabundið og orsakast af markaðsbresti í kjölfar fjármálahrunsins. Stefnt er að því að selja allan eignarhlut ríkisins við fyrsta hentugleika og þegar það er hagstætt.

Hlutverk félagsins

Hlutverk sparisjóðanna er að standa vörð um hagsmuni landsmanna, treysta innviði samfélagsins og styðja við félags- og atvinnulíf í heimabyggð.

Um félagið

Félagið er sparisjóður skv. ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem veitir viðskiptavinum þjónustu í samræmi við starfsheimildir.


Stefna og meginmarkmið

Að treysta fjárhagslega velferð viðskiptavina sinna með því að veita persónulega þjónustu í fjármálum, sem einkennist af fagmennsku og umhyggju.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið


Unnið er að því að móta stefnu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð sem byggir meðal annars á grunni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um þrjár víddir sjálfbærrar þróunar sem og öðrum viðmiðum sem Sparisjóðurinn starfar eftir er tengjast meðal annars samfélagsábyrgð.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	296	272
Gjöld (án afskrifta) samtals	244	237
Hagnaður (-tap)	25	19
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	7.837	7.532
Heildarskuldir	6.871	6.592
Eigið fé	965	941
Sjóðstreymi		
Handbært fé í árslok	1.521	1.463
Kennitölur		
Skuldahlutfall	87,7%	87,5%
Hagnaðarhlutfall	8,4%	6,9%
Arðsemi eigin fjár	2,6%	2,0%
Eiginfjárlhutfall	12,3%	12,5%
Eiginfjárlhutfall (CAD)	25,55%	24,93%
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	7	6

Upphæðir í m.kr.





Stjórn:
 Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir
 (formaður)
 Ari Kristinn Jónsson
 Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
 Sigurður M. Garðarsson
 Þór Sigfússon

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
 Guðbjörg Óskarsdóttir
 Vefsíða:
www.taeknisetur.is

Fyrirsvar:
 Fjármála- og
 efnahagsráðuneytið
 Eignarhluti ríkisins: 100%

TækniSetur

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að styrkja samkeppnishæfni Íslands með því að tryggja aðstöðu og vettvang fyrir samstarf um rannsóknir og framþróun á sviði hátækni.

Hlutverk félagsins

Hlutverk TækniSeturs er að auðvelda framþróun og verðmætasköpun á sviði hátækni með því að bjóða upp á víðtækan aðgang að nauðsynlegri aðstöðu og innviðum til rannsókna og nýsköpunar. TækniSetur hefur jafnframt það hlutverk að annast rekstur og tryggja jafnt aðgengi að frumkvöölaaðstöðu (húsnaði og tækjabúnaður) á sviði hátækni, verkfræði, raunvísinda og skyldra greina og vera leiðandi samstarfsaðili hátækninýsköpunar á Íslandi.

Um félagið


Hátt í tuttugu tæknifyrtæki eru með aðstöðu á TækniSetri. Þessi fyrirtæki starfa á breiðu sviði en eiga það flest sammerkt að vera í tæknibróun og hafa hag að því að

nýta þá innviði og sérhæfðu aðstöðu sem í boði er á TækniSetri. Starfsemi TækniSeturs má skipta í tvö svið, annarsvegar að starfrækja rannsóknar- og tækjaaðstöðu fyrir atvinnulíf, háskóla og rannsóknastofnanir og hinsvegar að stunda rannsóknir, þjónustuverkefni og ráðgjöf í þeim tilgangi að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Stefna og meginmarkmið

TækniSetur er fyrtæki sem býður upp á sérfræðiþekkingu og sérhæfða aðstöðu, tæki og búnað. Meginmarkmiðið er að brúa bilið milli rannsóknarsamfélags og atvinnulífs.

Kynjahlutfall 2021



		2021
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals		176
Gjöld (án afskrifta) samtals		159
EBITDA		17
Hagnaður (-tap)		2
Efnahagsreikningur		
Heildareignir		349
Heildarskuldir		135
Eigið fé		214
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri		11
Fjárfestingar		152
Handbært fé í árslok		71
Kennitölur		
EBITDA hlutfall		9,6%
EBIT hlutfall		1,0%
Skuldahlutfall		38,6%
Hagnaðarhlutfall		0,9%
Arðsemi eigin fjár		0,7%
Eiginfjárlhlfall		61,4%
Veltufjárlhlfall		1,6
Lausafjárlhlfall		1,6
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi		15

Upphæðir í m.kr.



VAÐLAHEIÐARGÖNG

Stjórn:
Hilmar Gunnlaugsson (formaður)
Ágúst Torfi Hauksson
Dagbjört Jónsdóttir

Forstjóri/framkvæmdastjóri:
Valgeir Bergmann

Vefsíða:
www.vadlaheidi.is

Fyrirsvar:
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið

Eignarhluti ríkisins: 34%
Aðrir hluthafar:
Greið leið ehf.: 66%

Vaðlaheiðargöng hf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að stuðla að uppbyggingu þjóðhagslega arðbærra samgönguinnviða með innheimtu veggjalda.

Hlutverk félagsins

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og gerð jarðganga í gegnum Vaðlaheiði, veglagningu að þeim og sjá um rekstur þeirra að framkvæmd lokinni.

Um félagið

Vaðlaheiðargöng eru veggöng undir Vaðlaheiði. Göngin eru um 7,2 km í bergi milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals og heildarlengd vegskála um 280 m. Samtals eru göngin því um 7,5 km. Með þeim styttil vegalengd milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 km og ekki þarf lengur að aka um fjallveginn Víkurskarð þar sem vetrarfærð er oft erfið.

Stefna og meginmarkmið

Að byggja og reka hagkvæm, örugg og akstursvæn göng sem uppfylla nýjustu staðla um slíka framkvæmd.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Þann 16. september sl., á Degin íslenskrar náttúru, undirritaði félagið loftslagsfirlýsingu Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Kynjahlutfall 2020



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	603	496
Gjöld (án afskrifta) samtals	139	131
EBITDA	465	365
Hagnaður (-tap)	-885	-805
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	18.220	17.847
Heildarskuldir	19.902	18.644
Eigið fé	-1.681	-797
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	585	257
Fjárfestingar	117	33
Handbært fé í árslok	1.044	576
Kennitölur		
EBITDA hlutfall	77,0%	73,7%
Skuldahlutfall	109,2%	104,5%
Eiginfjárhluftfall	-9,2%	-4,5%
Veltufjárhluftfall	0,1	0,0
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	2	2

Upphæðir í m.kr.



Vigdísarholt ehf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Rekstur hjúkrunarheimila þar sem rekstrarvandi hefur verið undirliggjandi eða þörf er á skjótum viðbrögðum ríkisins til að viðhalda áframhaldandi rekstri þeirra.

Hlutverk félagsins

Tilgangur félagsins er að annast rekstur hjúkrunarheimila.

Um félagið

Vigdísarholt ehf. var stofnað á árinu 2014. Tilgangur félagsins er rekstur hjúkrunarheimilis og tengdur rekstur, en félagið yfirtók rekstur Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar frá og með ársþyrjun 2014. Í mars 2019 hófst rekstur félagsins á Seltjörn, nýju 40 manna hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi, og í mars 2021 tók félagið við rekstri Skjólgarðs á Höfn í Hornafirði.


Stefna og meginmarkmið

Að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Félagið leggur áherslu á að búa íbúum vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð; að skapa íbúum öryggi með viðeigandi félagslegum og heilsufarslegum stuðningi; að veita íbúum alla nauðsynlega hjúkrun, umönnun og læknishjálp; að styðja og styrkja sjálfsmýnd og sjálfræði íbúa.


Kynjahlutfall 2021




	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	2.403	1.629
Gjöld (án afskrifta) samtals	2.223	1.639
EBITDA	180	-10
Hagnaður (-tap)	183	-6
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	807	514
Heildarskuldir	344	233
Eigið fé	462	281
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	281	12
Handbært fé í árslok	281	494
Kennitölur		
Skuldahlutfall	42,7%	45,3%
Hagnaðarhlutfall	7,6%	-0,4%
Arðsemi eigin fjár	39,5%	-2,2%
Eiginfjárhlfall	57,3%	54,7%
Veltufjárhlfall	2,3	2,2
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	180	127

Upphæðir í m.kr.

Arðsemi eigin fjár og meðaltal arðsemi eigin fjár yfir seinustu 5 ár



Hagnaður m.kr.



Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.

Markmið ríkisins með eignarhaldi

Að hámarka ávinning samfélagsins af nýtingu lands umhverfis Keflavíkurflugvöll.

Hlutverk félagsins

Að leiða formlegt samstarf, að leiða stefnumótun og greiningu á tækifærum fyrir svæðið í heild sem auki samkeppnishæfni flugvellarins og alls svæðisins. Að setja fram heilsteypt skipulag sem inniheldur skýra forgangsröðun uppbyggingar lands þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi á öllum stigum skipulags og þróunar.

Um félagið

Félagið var stofnað árið 2006 með það markmið að hafa umsjón með og selja þær eignir sem Bandaríkin afhentu Íslandi við brottför varnarliðsins. Árið 2019 seldust síðustu húseignirnar í umsjón félagsins og það sumar undirrituðu íslenska ríkið, Isavia, Reykjanesbær og Suðurnesjabær viljayfirlýsingu og samkomulag um að vinna saman að heildstæðri stefnu og framtíðarsýn fyrir landsvæðin í nágrenni Keflavíkurflugvallar.


Stefna og meginmarkmið

Kjarnaverkefni Kadeco er að leiða þetta samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbærar og Suðurnesjabærar um að auka virði svæðisins með skipulagningu nýs þróunarsvæðis við flugvöllinn.

Umhverfis- og samfélagsmarkmið

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar er þáttakandi og bakhjalr í verkefni sem kallast Suðurnesjavettvangur þar sem innleiðing heimsmarkmiðanna er efst á baugi. Félagið hefur lagt mesta áherslu á markmiðið um samvinnu um heimsmarkmiðin.

Kynjahlutfall 2021



	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Tekjur samtals	23	12
Gjöld (án afskrifta) samtals	282	204
EBITDA	-259	-192
Hagnaður (-tap)	-240	-173
Efnahagsrekningur		
Heildareignir	1.859	2.084
Heildarskuldir	208	193
Eigið fé	1.651	1.891
Sjóðstremi		
Handbært fé frá rekstri	-214	-134
Handbært fé í árslok	1.852	2.071
Kennitölur		
Skuldahlutfall	11,2%	9,3%
Arðsemi eigin fjár	-14,5%	-9,2%
Eiginfjárhutfall	88,8%	90,7%
Veltufjárhutfall	8,9	10,8
Aðrar lykilstærðir		
Stöðugildi	4	4

Upphæðir í m.kr.

Heimsmarkmið



Önnur fyrirtæki í ríkiseigu

Hér á eftir er stutt umfjöllun um hvert og eitt fyrirtæki eða sjóði með litla eða óverulega starfsemi ásamt minni félögum sem hafa fyrirsvar annarra ráðuneyta en fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. (48,1% eignarhluti)

Eignarhaldsfélag Suðurnesja (ES) er fjárfestingafélag sem stofnað var í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum. Félagið er að stærstum hluta í eigu ríkissjóðs, Byggðastofnunar, sveitarfelaganna á Suðurnesjum og Festu - lífeyrissjóðs. ES tekur þátt í stofnun og starfsemi félaga sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða og styðja við megin tilgang félagsins, að skapa nýmæli í atvinnulífi og byggja upp atvinnulíf á Suðurnesjum. Hlutdeild ríkisins í eigin fé félagsins er 261 m.kr.

Eignarhaldsfélagið Spölur ehf. (100% eignarhluti; fyrirsvar hjá Vegagerðinni)

Tilgangur félagsins var að stofna og eiga hluti í einkahlutafélaginu Speli ehf. Spölur ehf. sá um fjármögnun og rekstur Hvalfjarðaganga. Við afhendingu Hvalfjarðarganga til ríkisins var félagið einnig fært til ríkisins og er dagleg meðferð eignarhaldsins í höndum Vegagerðarinnar.

Eignarhlutir ehf. (100% eignarhluti)

Tilgangur félagsins er eignarhald og umsýsla eignarhluta íslenska ríkisins í félögum og fyrirtækjum sem féluginu hefur verið falið að fara með. Eigið fé félagsins er 11 m.kr.

Fasteignir Háskóla Íslands ehf. (100% eignarhluti)

Félagið var stofnað í júní 2021 með 10 m.kr. hlutafé. Tilgangur félagsins er eignarhald og umsýsla á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni. Samkomulag er um að háskólaráð Háskóla Íslands (60%) og fjármála- og efnahagsráðherra (40%) fari sameiginlega með fyrirsvar eignarhalds í féluginu. Tilnefningará í stjórn félagsins skulu vera í samræmi við fyrirsvarshlutfall hvors aðila.

Fjárföng ehf. (100% eignarhluti)

Félagið var stofnað í október 2021. Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.p.h.

Hvanneyrbúið ehf. (100% eignarhluti; fyrirsvar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands)

Tilgangur Hvanneyrbúsins ehf. er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn LbhÍ og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparsíkt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

Icelandic Trademark Holding ehf. (100% eignarhluti)

Félagið er eigandi vörumerkjanna Icelandic og Icelandic Seafood sem standa fyrir gæði og íslenskan uppruna með sérstaka áherslu á íslenskar sjávarafurðir. Tilgangur félagsins er eignarhald og útleiga á vörumerkjum og tengdur rekstur. Á árinu 2020 tók Íslandsstofa við daglegum rekstri Icelandic Trademark Holding ehf.

Lindarhvoll ehf. (100% eignarhluti)

Ríkissjóður Íslands stofnaði félagið Lindarhvol ehf. til að annast umsýslu, fullnustu og sölu tiltekinna verðmæta sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við stöðuleikaframlag slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja.

Í ársbyrjun 2018 hafði Lindarhvoll ehf. að mestu lokið þeim verkefnum sem hann hafði með höndum og komið stærstum hluta þeirra eigna í verð, sem félagið annaðist umsýslu með. Samkomulag varð um það milli stjórnar Lindarhvols og fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fella við svo búið niður samning við ráðuneytið og hefur félagið nær enga starfsemi haft með höndum. Eftir liggja einungis verkefni vegna útistandandi skuldbindingar sem tengjast dómsmáli á hendur félagini og eftirliti Ríkisendurskoðunar með framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðuneytisins um úrvinnslu og umsýslu stöðugleikaeigna.

Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. (85,6% eignarhluti; fyrirsvar hjá Háskóla Íslands)

Tilgangur félagsins er að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu. Í lok ársins voru hluthafar í félagini 12 talsins en Háskóli Íslands er þar með stærstu hlutdeildina, 85,6%. Á árinu nam tap félagsins 14 m.kr., eignir félagsins námu 49 m.kr. og eigið fé 39 m.kr.

Síts ehf. (54% eignarhluti)

Engin starfsemi er lengur í félagini. Tilgangur félagsins var að stunda kaup og sölu fasteigna og eignarhluta í öðrum félögum, sölu þjónustu hvers konar, reka fasteignir sem og að annast lánastarfsemi og annan skyldan rekstur. Stefnt er að því að slíta félagini á næsta ári. Eigið fé í lok ársins 2020 var 32,1 m.kr.

Tæknigarður ehf. (100% eignarhluti; fyrirsvar hjá Háskóla Íslands)

Tilgangur félagsins er að leigja út húsnæði til kennslu, rannsókna og þróunarstarfsemi fyrir stofnanir og fyrirtæki. Hagnaður ársins nam 1,3 m.kr. og voru heildareignir 136,4 m.kr. Eigið fé í árslok nam 97,7 m.kr.

Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. (94,6% eignarhluti; fyrirsvar hjá Háskóla Íslands)

Háskóli Íslands stofnaði Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. árið 2004. Félagið starfar í þágu almenningsheilla og eru tveir eigendur; Háskóli Íslands (94,6%) og Reykjavíkurborg (5,4%). Tilgangur félagsins er að efla vísindarannsóknir og nýsköpun með því að skapa kjöraðstæður til slíks á lóð Háskóla Íslands.

Markmiðið með Vísindagörðum er að gefa fleiri fyrirtækjum og stofnunum kost á að staðsetja sig í háskólaumhverfi þar sem samlegðaráhrif atvinnulífs og rannsóknastofnana fá að njóta sín. Með Vísindagörðum er stuðlað að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, byggð brú milli háskólasamfélagsins og atvinnulífsins og þannig stuðlað að aukinni verðmætasköpun. Hagnaður félagsins á árinu nam 1.083 m.kr. og heildareignir félagsins námu 12.225 m.kr. Eigið fé í árslok nam 4.473 m.kr.

Vísindagarðurinn ehf. (53,9% eignarhluti)

Tilgangur félagsins er rekstur fasteigna og útleiga í þágu þekkingarseturs, allt eingöngu til almenningsheilla. Rekstrartekjur félagsins námu 16,4 m.kr. á árinu en tap félagsins nam 5,9 m.kr. Eigið fé í árslok nam 147,2 m.kr.

Þjóðarleikvangur ehf. (42,5% eignarhluti)

Tilgangur félagsins er að starfa að undirbúningi að byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal í stað Laugardalsvallar. Félagið skal standa að útboði á þarfagreiningu vegna verkefnisins, leggja til verkefnaskipulag við undirbúning og framkvæmd verkefnisins, sjá um gerð kostnaðaráætlana og útboðsgagna vegna verkefnisins, ásamt annarri skyldri starfsemi. Eigið fé í árslok var neikvætt um 5,3 m.kr.

Öryggisfjarskipti ehf. (75% eignarhluti)

Megintilgangur félagsins er uppbygging og rekstur mannvirkja og öruggra kerfa, aðallega fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti fyrir viðbragðsaðila, orkufyrirtæki og veitur, samgöngur og fleiri sem reka þjóðfélagslega mikilvæga innviði. Einnig fyrir öryggi almennings á landi og sjófarenda til að tryggja að sem víðast verði hægt að kalla eftir hjálp í neyð. Starfsemin er um land allt og samanstendur meðal annars af sendastöðum fyrir ýmis fjarskipti, ljósleiðara, tetra kerfinu og vaktstöð siglinga. Neyðarlínan ohf. sem á 25% hlut í félagini leigir af því meginhluta eigna þess, annast daglegan rekstur þeirra og sölu á þjónustu til notenda þeirrar þjónustu sem veitt er um eignir Öryggisfjarskipta. Hagnaður ársins 2021 var 157 m.kr. og heildareignir námu 1.356 m.kr. Eigið fé var 1.124 m.kr.

Formúlublað

Útreikningar fyrir yfirlitstöflu fyrirtækja:

Rekstrarreikningur fjármálfyrirtækja:

- Tekjur samtals = Hreinar vaxtatekjur + þjónustutekjur + aðrar rekstrartekjur + þjónustusamningur

Þar sem:

- Hreinar vaxtatekjur = Vaxtatekjur – vaxtagjöld +/- hrein virðisbreyting útlána og krafa
- Gjöld eru reiknuð án afskrifta.

Rekstrarreikningur annarra fyrirtækja:

- Tekjur samtals = þjónustutekjur + aðrar rekstrartekjur + þjónustusamningur
- Gjöld eru reiknuð án afskrifta
- EBITDA = Tekjur samtals – gjöld samtals

Sjóðstremi annarra fyrirtækja:

- Fjárfestingar = Varanlegir rekstrarfjármunir + óefnislegar eignir

Kennitölur:

- EBITDA hlutfall = EBITDA / Tekjur samtals
- EBIT hlutfall = (EBITDA – afskriftir) / Tekjur samtals
- Skuldahllutfall = Heildarskuldir / Heildareignir
- Hagnaðarhlutfall = Hagnaður (-tap) / Tekjur samtals
- Arðsemi eigin fjár = Hagnaður (-tap) / Eigið fé
- Eiginfjárlutfall = Eigið fé / Heildareignir
- Eiginfjárlutfall (CAD) er fengið úr ársreikningum fyrirtækjanna
- Veltufjárlutfall = Veltufjármunir / Skammtímaskuldir
- Lausafjárlutfall = Veltufjármunir – Birgðir / Skammtímaskuldir

